



Ótrúleg tilboð!  
 Fylgir blaðinu í DAG!  
 Office 1 Superstore  
 Janúartilboð  
 9 kr.

# FRÉTTA BLAÐIÐ

FRÍTT

4. janúar 2005 – 2. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Vefvang: visir.is – Sími: 550 5000 VISIR

**ÞRIÐJUDAGUR**



**ÞRÓUNARRÍKI ÖRVÆNTA** Evrópusambandið, fátæk þróunarríki og eyri vilja að viðræður hefjist um frekari minnkun útblásturs gróðurhúsalofttegunda. Bandaríkjustjórn dregur hins vegar fæturna. **Sjá síðu 8**

**JAPANSFÖR HUGLEIDD** Ekki er von á svari frá japönskum stjórnvöldum varðandi mál skákmeistarans Bobby Fischer fyrr en í fyrsta lagi í dag, sem er fyrsti virki dagur eftir áramót ytra. Sæmundur Pálsson og fóruneyti hugleiða utanför. **Sjá síðu 4**

**NIÐURFELLIN TOLLKVÓTA** Um áramót féllu niður tollakvótar á vefnað sem framleiddur er í Kína og fluttur til Evrópusambandslandanna. Samtök verslunar og þjónustu telja afleiðingar geta bæði verið góðar og slæmar. **Sjá síðu 8**

**SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI SELST VEL** Sprenging hefur verið í nýbyggingum á skrifstofuhúsnæði síðastliðin fimm ár. Skriður á markaðnum fyrir eldri eignir sem hafa lengi staðið auðar. Allt að helmings verðmunur á fermetranum eftir ástandi og staðsetningu. **Sjá síðu 10**

**VEDRID Í DAG**

Hvasst með suðurströndinni, annars hægari

**SNJÓEL SUNNAN OG VESTAN** Úrkomuminna annars staðar. Hiti við frostmark en eilítið yfir því sunnan til. **Sjá síðu 4**



**KIRKJUR Í EYJAÁLFU** Klukkan korter gengin í eitt í dag flytur Ian Breward, prófessor við Melbourne-háskóla, fyrirlestur í safnaðarheimili Neskirku um kirkjur í Eyjaálfu og nýleg átök í ensku biskupakirkjunni.

Kvikmyndir	26	Myndlist	26
Tónlist	26	Íþróttir	22
Leikhús	26	Sjónvarp	28



**ÓVEÐUR Á VESTFJÖRDUM** Snjóflóðahætta hefur verið víða á Vestfjörðum. Nær 140 íbúar hafa yfirgefið heimili sín sem eru á hættu svæðum, um átta tíu á Patreksfirði, nær fjórutíu í Ísafjarðarbæ og tuttugu á Bolungarvík. Almannaþingarnefndir staðanna funda reglulega og meta ástandið. Sólarhringsvakt er á Veðurstofunni. Myndin er tekin á Silfurtorgi á Ísafirði um þrjúleitið í gær.

## Hús rýmd vegna snjóflóðahættu

Nokkur snjóflóð féllu á Vestfjörðum í gær en engan sakaði. Um 140 manns víðs vegar um Vestfirði hafa yfirgefið heimili sín. Björgunarsveitir aðstoðuðu fólk vegna ófærðar.

**ÓVEÐUR** Stórt snjóflóð sem talið er hafa verið allt að 150 metra breitt féll á Skutulsfjarðarbraut, aðal götu Ísafjarðarbæjar, síðdegis í gær. Flóðið eyðilagði ljósastaur og lenti á snjóruðningstæki en ölkumadurinn þess slapp. Þrjú önnur snjóflóð féllu á Vestfjörðum. Eitt þeirra féll á snjóflóðavarnargarð við sorpeyðingarstöðina Funa í Engidal, annað á Hnífsdalsveg og hið þriðja féll við hesthúsahverfið í Hnífsdal. Hús hafa verið rýmd og hafa um 140 manns yfirgefið heimili sín á Ísafirði, Bolungarvík, Hnífsdal, Dýrafirði, Önuðarfirði og Patreksfirði. Sólarhrings-

vakt er á Veðurstofunni vegna hættunnar. Hún taldi ekki tímaþætt að hleypa fólkinu heim í gærkvöld en aðstæður verða endurskoðaðar í dag. Á miðnætti var umferð um aðalgötuna lokað, samkvæmt upplýsingum almannaþingarnefndar bæjarins. Nefndin ráðleggur fólki að vera ekki á ferli. Um 60 björgunarsveitarmenn frá 11 björgunarsveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar voru að störfum víða um land í gær. Hjálparveit skáta í Hveragerði var á ferðinni á Hellisheiði til aðstoðar bílstjórum sem áttu í vandræðum vegna veðurs og

ófærðar. Björgunarsveitir í Húnavatnssýslu hafa verið að störfum frá því um miðjan dag vegna veðurs og ófærðar ásamt því að aðstoða við sjúkraflutning. Segja má að allar björgunarsveitir á Vestfjörðum hafi verið að störfum í dag vegna mikillar ófærðar og óveðurs. Hjörleifur Ólafsson hjá Vegagerðinni segir blindbyl og gríðarlegt fannfergi á Vestfjörðum. Vegir séu nær allir ófærir. Stefnt verði að mokstri en ólíklegt sé að af því verði eins og spáin sé. Veðurstofan spáir ofankomu á Ísafirði fram á fimmtudag. **sjá síðu 4**

## Hólmavík: Lúsasjampó sótt í ófærð

**HEILBRIGÐISMÁL** í hríðarbyl og ófærð þurfti að útvega auknar birgðir af lúsasjampói í Hólmavík í gær, en óværan hefur stungið sér niður í bænum síðustu daga. Guðmundur Sigurðsson, læknir á Heilbrigðisstofnun Hólmavíkur, sagði langt því frá að nokkuð ófremdarastand væri vegna lúsarinnar. „Faraldurinn er ekki meiri en er oft á hverjum vetri í Reykjavík,“ sagði hann. „Við gerðum ráðstafanir til þess að auka sjampóbirgðirnar þannig að nóg er til,“ bætti Guðmundur við og taldi ekki að fólk þyrfti að halda börnum sínum heima við skólasetningu í dag af ótta við lús. **-óka**

## Fasteignaviðskipti: Velta jókst á milli ára

**FASTEIGNIR** Heildarupphæð veltu vegna fasteignakaupa á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2004 var 177 milljarðar króna samanborið við 125,6 milljarðar króna árið 2003. Samkvæmt Fasteignamatí ríkisins var meðalupphæð á hvern kaupsamning 17,6 milljónir í fyrra en árið 2003 var meðalupphæð á kaupsamning 14,8 milljónir króna. Árið 2004 var 10.045 kaupsamningum um fasteignir þinglýst við embætti sýslumanna á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2003 var 8.465 kaupsamningum þinglýst. Kaupsamningum fjölgaði því um 18,7 prósent. **-th**



**BLOKKARIBÚÐIR** Meðalupphæð kaupsamninga á síðasta ári var samkvæmt Fasteignamatí ríkisins 17,6 milljónir króna.

**Allt landið**  
 18-49 ára

69%  
 43%

Fréttablaðið Morgunblaðið

Meðalbestur dagblaði

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup's október '04

## Vél Loftleiða lendir í Svíþjóð í kvöld með slasaða sænska ferðamenn: Svíum heitið frekari aðstoð

**HAMFARIR** Íslensk stjórnvöld hafa orðið við beiðni sænskra yfirvalda um að flugvél Loftleiða, sem væntaleg er til Svíþjóðar með slasaða sænska ferðamenn frá Taílandi í kvöld, fari aðra ferð suður til Taílands strax í fyrramálið. Óski sænsk stjórnvöld eftir því að vélin fari þriðju ferðina munu íslensk stjórnvöld taka jákvætt í það samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Enn er rúmlega 2.900 Svía saknað eftir hamfarirnar á annan dag jóla. Svíarnir sem flogið verður með frá Taílandi í dag eru mikið slasaðir en þó enginn í bráðri lífshættu. Friðrik Sigurbjörgsson, læknir og leiðangursstjóri, segir

alla farþegana hafa misst ættingja, auk þess sem munaðarlaus börn séu um borð. „Þetta ætti að vera einfaldur sjúkraflutningur miðað við veikindi fólksins og áverka. Um borð er þó fólk sem hefur gengið í gegnum hörmungar sem orð fá ekki lýst,“ segir Friðrik. Eins Íslendingur er enn saknað í Taílandi og verður haldið áfram að reyna að ná sambandi við hann. Vitað er að hann er lífs þar sem hann hefur notað greiðslukort. Níu manns sem leitað hafði verið höfðu í gær samband við fjölskyldur sínar og amaði ekkert að þeim. **Sjá síðu 2, 4, 6, 11 og 14.**



**MINNINGARATHÖFN Á PHUKET-EYJU** Líkistur sex sænskra fórnarlamba hamfaranna í Asíu voru fluttar frá Phuket-eyju í Taílandi í gær. Sænskir prestar og ættingjar hinna látnu vottuðu þeim virðingu sína áður en flugvélin hélt til Svíþjóðar.

**28**

DAGAR EFTIR AF JANÚARTILBOÐI TOYOTA

**RAV4**  
 Tilboðsverð  
 2.590.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA



Jón, var þetta ekki skítamál?

„Jú, ég verð að svara því játandi.“

Jón Fanndal Þórðarson, formaður Félags eldri borgara á Ísafirði, gagnrýndi hörðlega fyrirhugaða gjaldtöku fyrir þvott á fatnaði vistmanna öldrunardeildar Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðar. Stofnunin hefur nú dregið gjaldtökuna til baka.

Sjúkrahús í Taílandi:

## 12 ára Svía rænt

**TÁILAND. AP** Óttast er að 12 ára sænskum dreng, Kristian Walker, hafi verið rænt á sjúkrahúsi í Taílandi. Sænskir lögreglumenn eru nú á leið til Taílands til að rannsaka málið. Þetta kom fram í sænskum fjölmiðlum í gær.

Strákurinn lá á sjúkrahúsinu Taimueang fyrir utan Khao Lak. Óþekktur maður, evrópskur yfirlitum með yfirvaraskegg, ku hafa komið í tvígang með Kristian til sjúkrahússins.

Eftir að gert hafði verið að sár-um Kristians fór maðurinn með hann af sjúkrahúsinu í síðustu viku og hefur ekki spurð til hans síðan.

Faðir og bróðir Kristians höfðu leitað hans eftir að flóðbylgjan reið yfir og gengið á milli sjúkrahúsa með mynd af honum. Þeir segja að starfsfólkið á sjúkrahúsinu sé viss í sinni sök, Kristian hafi komið þangað og farið aftur. Því miður eru þó engin gögn til um hann.

Kristian Walker var með systkinum sínum, móður og kærasta hennar í Taílandi um jólin. Móður hans og kærasta hennar er enn saknað en systkini hans eru komin heim til Stokkhólms. Faðirinn leitar nú sonar síns með aðstoð sænsku lögreglu- mannanna. ■



KRISTIAN WALKER

Óttast er að Kristian Walker, 12 ára sænskum dreng, hafi verið rænt af sjúkrahúsi í Taílandi eftir að flóðbylgjan reið yfir. Ekkert er vitað um aðrir móður hans og unnusta hennar en systkini hans björguðust.

Ísafjörður:

## Terta í jarðgöngum

**LÖGREGLA** Um hálf ellefu að kvöldi nýársdags kom lögreglu maður frá Ísafirði að þar sem einhverjum hafði dottið það í hug að kveikja í flugeldatertu í jarðgöngunum, Breiðadalsslegg. Þykkur reykjar-mökkur var í göngunum, svo þykkur að hann hindraði útsýni. Voru blás- arar ræstir til að hreinsa göngin.

Lögreglan á Ísafirði hafði í fleiru að snúast um og upp úr áramótun- um. Í fyrrinótt kom dryavörður úr Krúsinni og kærði árás. Þar hafði einn dansgestur skallað hann í and- liti. Fór dryavörðurinn á sjúkra- húsið á Ísafirði til skoðunar og að- hlynningar. -jss

Hamfarir í Asíu:

## Forsetar safna fé

**BANDARÍKIN** George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, kom fram á blaðamannafundi í gær með tvo fyrir- rennara sína sér við hlið og hvatti Bandaríkjamenn til að láta fé af hendi rakna til fórnarlamba ham- faranna við Inlandshaf annan jóla- dag: „Ég hvet alla Bandaríkjamenn til að leggja sitt af mörkum.“ Bill Clinton, forveri Bush, og George Bush eldri stóðu við hlið Band- aríkjaforsetans núverandi þegar hann hvatti fjölshyldur og fyrirtæki til að koma bágstöðum til hjálpar.

„Næstu daga munu forsetarnir fyrrverandi Clinton og Bush fara þess á leit við Bandaríkjamenn að þeir leggi fé til áreiðanlegra hjál- parsamtaka,“ sagði George W. Bush. Áhersla er lögð á fjárgjafir fremur en varning sem erfitt kann að vera að koma til skila. Stjórn Bush hefur sætt ámæli fyrir að bregðast seint og illa við hörmungunum. ■

Breytingar hjá DV:

## Illugi fer í útvarpið

**FJÖLMÍÐLAR** Illugi Jökullsson hefur látið af störfum sem ritstjóri DV og tekur við útvarpsstjórnastöðu á nýrri talútvarpsstöð í eigu Íslenska út- varpsfélagsins.

Mikael Torfason situr áfram sem ritstjóri DV, en þar til í gær rit- stýrou þeir blaðinu báðir: „Við mun- um bara halda áfram því góða starfi sem hafði var fyrir rúmu ári síðan,“ sagði Mikael og átti ekki von á frek- ari breytingum.

Illugi vonast til að útsendingar geti hafist á næstu viku, en enn á eftir að finna stöðinni nafn og tíðni. Meðal starfsfólks verða Hallgrímur Thorsteinsson, Sigurður G. Tómas- son og Ingvi Hrafn Jónsson, þrír af fjórum stofnendum Útvarps Sögu.

- óká - Sjá síðu 30

# Fólkið hefur þolað hörmungar

Allir farþegarnir sem Íslendingar flytja frá Taílandi til Svíþjóðar hafa gengið í gegnum hörmungar. Sálrænt ástand farþeganna er slæmt. „Maður getur ekki gert neitt annað en haldið í hönd þessa fólks,“ segir leiðangursstjóri LSH.

**HAMFARIR** Svíarnir sem Íslending- ar fljúga með heim frá Taílandi í dag eru mikið slasaðir en þó eng- inn í bráðri lífshættu. Gera má ráð fyrir að andleg líðan farþeg- anna sé slæm, en Friðrik Sigur- bergsson, lækni og leiðangurs- stjóri, segir að allir farþegarnir hafi misst ættingja eða jafnvel alla fjölshylduna auk þess sem munaðarlaus börn séu um borð.

„Við höfum ekki hitt þetta fólk en við höfum verið á fundi í sænska sendiráðinu í Bangkok og þar var farið í gegnum þetta verkefni og ástandið á fólkinu út- skýrt. Þetta ætti að vera einfaldur sjúkraflutningur miðað við veikindi fólksins og áverka. Um borð er þó fólk sem hefur gengið í gegnum hörmungar sem orð fá ekki lýst,“ segir hann.

Í gær var tíminn notaður til að koma upp lyfjastöðvum í flugvél- inni, ganga frá sýrenfiskútum, festa sjúkrarúm og skipuleggja verkefni dagsins. Sjúklingarnir eru 18 rúmliggjandi og 40-50 sit- jandi sjúklingar og aðstandendur. Fyrstu sjúklingarnir áttu að koma um borð klukkan níu í morgun að staðartíma og vélin átti að fara í loftið klukkan eitt. Sjö tíma munur er milli Íslands og Taílands. Vélin millilendir í Dubai og lendir svo í kvöld í Stokkhólmi. Flugíð tekur 15-16 tíma.

Tíu manna áhöfn er um borð auk 25 manna liðs lækna, hjúkrun- arfólks, slökkviliðsmanna og sjálfsbjargarmanna. Friðrik segir



LEIDD BURT AF FLUGVELLINUM

Prestur leiðir sænska stúlku burt af flugvellingum Landvetter í Gautaborg í Svíþjóð. Stúlkan var á hamfarasvæðunum við Inlandshaf.

að reynt verði að þjónusta og koma eins vel fram við Svíana eins og hægt er en þeir muni burðast með þessa reynslu alla ævi.

„Við komum þeim til síns heima og önnun þá með tilliti til þess að þeim líði eins vel og frekast er unnt. Maður getur ekki gert neitt annað en haldið í hönd þessa fólks, talað við það og sýnt samkennd og það munum við

gera,“ sagði hann. Friðrik kveðst ýmislegt hafa séð og reynt en aldrei hafi hann séð fullorðið, reynt og vant fagfólk jafn slegið og nú.

Með íslensku vélinni er búið að flytja alla þá Svía heim sem vildu flutning. Eftir eru menn sem leita ættingja sinna auk þess sem sjúk- lingar á gjörgæsludeild eru ekki flutningsfærir.

ghs@frettabladid.is

Erlent:

## Líkin flutt heim

**827 SAKNAÐ** Staðfest er að 827 Svía er saknað eftir hamfarirnar í Suð- austur-Asíu. Þetta þýðir að ættingj- ar hafa í flestum tilfellum séð þá deyja. Ekki er vitað hvað hent hefur 1.495 einstaklinga til viðbótar.

### FYRSTU LÍKIN FLUTT TIL SVÍÞJÓÐAR

Fyrstu líkin af Svíunum sem fórust í flóðbylgjunni í Inlandshafi verða flutt heim í dag. Minningarstund verður á flugvellingum áður en flug- vélin fer í loftið og einnig þegar vél- arnar lenda. Tvær flutningavélar sjá um flutningana.

### MUNABARLAUS BÖRN SELD

Börn sem saknað er á hamfarasvæðunum við Inlandshaf geta orðið fórnar- lömb mansals. Nú þegar eru teikn á lofti um að munaðarlaus börn á Sri Lanka og í Indónesíu hafi orðið fyrir því. Í sumum tilvikum verða börnin fyrir ólöglegri ættleiðingu og í öðrum tilfellum eru þau hrein- lega seld.

Mörg norræn börn hafa orðið munaðarlaus í hamforunum en þó er ekki vitað hversu mörg. Ekki er óttast að þau hafi lent í mansali.

### Á LISTA YFIR ÞÁ SEM SAKNAÐ ER

Fréttir í norskum fjölmiðlum hafa greint frá því að 99 Norðmenn hafi verið á listanum yfir saknaða þó að þeir væru sprellifandi. Þannig voru t.d. menn á listanum sem voru á ferðalagi í Egyptalandi, aðrir voru á ferðalagi í Víetnam og enn aðrir annars staðar. Sumir voru jafnvel heima í Osló og höfðu alls ekkert verið í Taílandi.

Vefútgáfa Dagbladet segir frá því að listi yfir þá sem er saknað sé kolvitlaus. Ekki hafi verið hirt um að uppfæra listann og því séu upp- lýsingarnar rangar um tvo þriðju hluta fólksins á listanum.

### GAGNRÝNI Í NOREGI

Norska lögreglan hefur gagnrýnt utanríkisráðuneytið vegna þess hvernig staðið hafi verið að því að safna nöfnum á lista yfir þá sem saknað er. Utanríkisráðuneytið hefur svarað á móti að lögreglan hafi ekki mótmælt því hvernig staðið skyldi að skráningu á listann.

### 183 ENN SAKNAÐ

183 Finna er ennþá saknað í Taílandi. Finnaska símafyrirtækið Telia Sonera hefur komið upp sér- stöku SMS-kerfi sem nær til allra Finna á ákveðnu svæði. Þegar hafa ein skilaboð verið send til þeirra sem eru á hamfarasvæðinu við In- landshaf og þeirra sem voru þar en eru komnir heim. ■

### ÚTSKRIFTARNEMAR

**ENGINN HÆTTI VIÐ** Enginn út- skriftarnemanna í Fjölbrauta- skóla Suðurnesja sem ætluðu til Taílands fyrir áramótin hætti við fór sína, að sögn Tómasar Þórs Tómasson, framkvæmdastjóra Langferða og Kuoni á Íslandi. Hann segir áhrifa hamfaranna á annan í júlum ekki gæta þar sem nemarnir eru um 100 kílómetra frá Bangkok.

- óká

Snjóflóðahætta í Bolungarvík:

## Neituðu að fara að heiman

**SNJÓFLÓÐ** Nokkrir íbúa þriggja húsanna við Dísarland í Bolungarvík neituðu að yfirgefa heimili vegna snjóflóðahættu þegar lögreglu bar að garði síðasta sunnudags- kvöld. Alls voru það sex sem ekki yfirgáfu heimili sín, þar á meðal eitt barn, þrettán ára gömul stúlka.

Gylfi Dór Gíslason, varðstjóri hjá lögreglunni í Bolungarvík, segir að í kjölfarið verði heimilis- féðurnir á hverjum stað boðaðir til skýrslutöku um málið, en gerði ekki ráð fyrir frekari eftirmálum. „Það eru engin víðurlög við þessu,“ segir hann og bætir við að ákveðið hafi verið að gripa ekki til handtaka á sunnudagskvöldið, en

lögregla hefur til þess heimild fari fólk ekki að boðum hennar. „En það er háð mati hverju sinni.“

Ásgeir Sólbergsson sparisjóðs- stjóri var einn þeirra sem ekki fóru að heiman, en hann segir ekki hafa verið hættu á ferðum í norðaustanáttinni sem var ríkjandi þá um kvöldið. „Það var okkar mat, sem höfum búið þarna í 25 ár,“ sagði hann og taldi að ekki væri hættu á ferðum nema að fentti í norðanátt.

„Það var hins vegar hætta á gamlárskvöld og menn hræddir fram undir kvöldmatarleyti, en þá var ekkert rætt um rýmingu húsa,“ sagði Ásgeir.

HJÁLPUM FÓRNARLÖMBUM FLÓÐANNA Í ASÍU

Söfnunarsíminn er 907 2020

Með því að hringja í söfnunarsímann leggur þú fram 1.000 kr. til hjálparstarfsins í Asíu. Einnig er hægt að leggja fram fé með kreditkorti á www.redcross.is, eða millifærslu á bankareikning 1151-26-000012, kt. 530269-2649.

sprun  
kostar birtingu auglýsingarinnar

Rauði kross Íslands  
www.redcross.is

# GLEYMDU EKKI AÐ ENDURNÝJA!



Frá árinu 1932 hefur Penninn séð landsmönnum fyrir skrifstofuvörum. Verið velkomin í verslanir okkar um land allt.

**Gleðilegt nýtt bókhaldsár!**

Fyrirtækjapjónusta, höfuðborgarsvæði,  
sími 540 2050

Fyrirtækjapjónusta, Norðurland,  
sími 461 5056

Vefverslun: [www.penninn.is](http://www.penninn.is)



Skrifstofumarkaður:  
Hallarmúla 2-4, sími 540 2000

Verslanir Pennans: Akranesi • Akureyri  
• Hafnarfirði • Ísafirði • Keflavík • Kópavogi  
• Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum



Stundar þú líkamsrækt?

Niðurstöður gærdagsins á vísir.is

Já 44%
Nei 56%

Spurning dagsins í dag: Fórst þú á áramótabrennu?

Farðu inn á fréttahluta vísir.is og segðu þína skoðun



Sæmundur Pálsson: Hugleiðir Japansför

UTANRÍKISMÁL Ekki er von á svari frá japönskum stjórnmöldum varðandi mál skákmeistarans Bobby Fischer fyrr en í fyrsta lagi í dag, fyrsta virka dag eftir áramót ytra, að sögn Sæmundar Pálssonar, vinar Fischers.

„Í augnablikinu er málið í farvegi okkur í vil.“ segir Sæmundur og vill sjá til hvort ekki kemur bráðlega svar frá japönskum stjórnmöldum varðandi Fischer. Hann útilokar þó ekki, verði dráttur á viðbrögðum ytra, að halda til Japans með hópi kvikmyndagerðarmanna í von um að vera þeirra gæti orðið til að brýsta á um úrlausn mála. - óká



AFHENTI LYKLA OG LUKKUGRIP Tinna Gunnlaugsdóttir tók við starfi þjóðleikhússtjóra í gær. Við þetta tilefni gaf Stefán Baldursson, fráfarandi þjóðleikhússtjóri, henni lukkugrip, lítinn þríhöfða þurs, sem hann keypti í Noregi fyrir nokkrum árum. Þjóðleikhúsið var þá á leikferðalagi í Björgvín og keypti Stefán gripinn rétt áður en lagt var af stað heim. Þegar vélin var nýlögð af stað var henni snúið við og lent í Osló þar sem farþegunum var sagt að hún hefði misst nokkra lítra af olíu. Upp frá því leit Stefán svo á að um lukkugrip væri að ræða og gaf henni í upphafi starfsferils hennar í þjóðleikhúsinu.

Forsetakosningar: Mesic með mest fylgi

KROATÍA, AP Stipe Mesic, forseti Króatíu, sagðist í gær sannfærður um að hann myndi ná endurkjöri eftir að hann fékk mest fylgi í forsetakosningum á sunnudag. Mesic var hársbreidd frá því að fá meirihluta atkvæða. Þar sem það tókst ekki verður kosið á ný á milli hans og Jadranskas Kosor, varaforsætisráðherra Króatíu, 16. janúar. Mesic segir að aðalverkefnið verði að tryggja Króatíu aðild að Evrópusambandinu. „Við munum í sameiningu byggja nútímalega, evrópska Króatíu.“



STIPE MESIC Forseti Króatíu var hársbreidd frá því að ná endurkjöri í fyrstu tilraun. Kosið verður að nýju 16. janúar.

Mesic fékk rétt tæplega 49 prósent atkvæða en Kosor rúm 20 prósent. ■

Heilbrigðisráðuneytið: Samið við lækna

HEILBRIGÐISMÁL Samninganefnd heilbrigðismálaráðherra og fulltrúar Íslenska bæklunarlæknafélagsins hafa gert nýjan samning um greiðslur fyrir bæklunarlækningar sjúkratryggðra samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Samningurinn tekur til læknisverka sjálfstætt starfandi bæklunarlækna. Hann gildir frá 1. janúar 2005 til 31. mars 2008 og er efnislega í samræmi við nýgerðan samning við aðra klíniska sérfræðilækna. Með samningnum við bæklunarlækna eru allir samningar við klíniska sérfræðilækna í höfn. ■

Hríðarbylur og snjóflóð vestra

Allt að 140 manns yfirgáfu heimili sín á Vestfjörðum vegna hættu á snjóflóðum. Blindbylur var á svæðinu. Tveir fólkubílar voru sóttir á Klettháls. Ófært er milli allra þéttbýlisstaða og óvist með mokstur.

ÓVEÐUR Hús hafa verið rýmd í Bolungarvík, Hnífsdal, Ísafirði og Patreksfirði vegna hættu á snjóflóðum. Sólarhringsvakt er á Veðurstofnunni vegna hættunnar. Hún taldi ekki tímabært að hleypa fólkinu heim í gærkvöld. Aðstæður verða endurskoðaðar í dag. Snjóathugunarmenn fylgjast með fannferginu á Vestfjörðum.

Alls hefur 38 manns verið gert að yfirgefa heimili sín á Ísafirði, í Hnífsdal, Dýrafirði og Ónundarfirði. Snjóflóð féllu á snjóflóðavarnargarð við sorpeyðingastöðina Funa í Engidal, skammt frá Ísafirði, á aðalgötu bæjarins, Skutulsfjarðarbraut, á Hnífsdalsveg og við hesthúshaverfið í Hnífsdal. Á miðnætti var umferð um aðalgötuna lokað samkvæmt upplýsingum almannavarnarnefndar bæjarins. Hún ráðleggur fólki að vera ekki á ferli.



ÓVEÐUR VIÐA UM LAND Viða um land var óveður og ófært. Björgunarsveitir voru kallaðar til aðstoðar fólki á ferð um landið. Á Vestfjörðum var veðrið verst. Í Reykjavík var mikið um leysingar og hér sést borgarstarfsmáður hreinsa frá niðurföllum.

YFIRLIT ÁSTANDS GÆRDAGSINS: Ófært milli allra þéttbýlisstaða Vestfjarða... Ófært frá Hólmanni að Brú Blíndhríð... Ófært milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar... Ófært til Siglufjarðar... Ófært frá Þorlákshöfn að Akureyrum... Ófært frá Akureyrum að Stokkholmi... Ófært frá Stokkholmi að Ólafsfjarðar... Ófært frá Ólafsfjarðar að Dalvík... Ófært frá Dalvík að Akureyrum... Ófært frá Akureyrum að Húsavík... Ófært frá Húsavík að Ólafsfjarðar... Ófært frá Ólafsfjarðar að Stokkholmi... Ófært frá Stokkholmi að Akureyrum... Ófært frá Akureyrum að Stokkholmi... Ófært frá Stokkholmi að Akureyrum... Ófært frá Akureyrum að Stokkholmi... Ófært frá Stokkholmi að Akureyrum...

Á Patreksfirði fóru um áttatíu manns frá tutugu heimilum sínum. Hefill keyrir á undan lögreglunni á staðnum þegar hún þarf að komast leiðar sinnar um ófærar götur bæjarins. Lögreglan segir fólk flest gista hjá vinum og vandamönnum en fjöldahjálparstöð hafi verið komið á fót í félagsheimilinu. Björgunarsveit bæjarins hafi verið kölluð á Klettháls þar sem fólkubíll og joppulitur komust ekki leiðar sinnar. Þeir hafi verið dregnir heim. Í Bolungarvík voru sjö hús rýmd. Jónas Guðmundsson lögreglustjóri, sem setu á í almannavarnanefnd, segir að samkomulag hafi náðst við íbúana tutugu. Sumir

þeirra höfðu deginum áður neitað að yfirgefa hús sín. Auk snjóflóðahættunnar á Vestfjörðum var rafmagnslaust á Barðaströnd um nokkur klukkustunda skeið. Flutningabíll Kaupfélags Steingrímsfjarðar sat fastur um eina og hálf klukkustund við Broddanes á Ströndum og mokstri Vegagerðarinnar þar var hætt. Hjörleifur Ólafsson hjá Vegagerðinni segir blindbyl og gríðarlegt fannfergi á Vestfjörðum. Vegir séu nær allir ófærir. Stefnt verði að mokstri en ólíklegt sé að af því verði eins og spáin sé. Veðurstofan spáir ofankomu á Ísafirði fram á fimmtudag. - gag@frettabladid.is

Lögreglan í Búðardal: Fær nýja bifreið

LÖGREGLUMÁL Lögregluembættið í Búðardal fékk nýja bifreið í vikunni. Bifreiðin er sömu tegundar og sú sem skemmdist við lögregluútkall að bænum Ásum í Saurbæjarhreppi um miðjan desember. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Búðardal er bifreiðin ekki ný heldur kemur hún notuð frá bílamiðstöð Ríkislögreglustjóra. Lögreglan hefur ekki verið bíllaus, heldur fékk lánsbíl frá lögreglunni í Borgarnesi. Nýja bifreiðin af tegundinni Trooper er sem stendur á verkstæði í almenntri viðhaldsskoðun. - gag

Írak: Sjö látast í bílsprengjum

HRÝÐJUVERK Sex íraskir öryggisverðir og einn óbreyttur borgari létust í tveimur bílsprengingum í Írak í gær. Þrjátíu og níu særðust. Bíll var sprengdur upp nærri höfuðstöðvum flokks Ayads Allawi forsætisráðherra í Bagdad og létust þrír og tutugu og fimm særðust. Síðari árásin var í borginni Balad, norður af Bagdad. Þar létust fjórir íraskir þjóðvarðliðar og 14 særðust. Ökumaður bifreiðar sem var sprengd í loft upp, hlaðin sprengiefni, lést einnig í árásinni. ■

Austur-Húnatnssýsla: Rútur fengu aðstoð í byl

ÓVEÐUR Fimmtán björgunarsveitarmenn á sérútbúnum björgunarsveitarbílum frá þremur sveitum í Húnatnssýslu aðstoðuðu rútur Norðurleída og fólkubíla í gegnum Víðidal í Húnatnssýslu í gær. Hilmar Frímansson, formaður svæðisstjórnar björgunarsveita á svæði níu, segir veðrið hafa verið snarvitlaust frá Gljúfrárbrú á sýslumörkunum og yfir í Víðihlíð. Asgeir Yngvason, bílstjóri Norðurleída, var síðdegis um fjóra tíma á eftir áætlan á leið til Akureyrar með þrjátíu og sex farþega og taldi enn þrjátíu tíma eftir. „Fólkinu líður vel. Við stoppuðum tvo tíma í Staðarskála og svo aftur í Víðihlíð,“ sagði hann. - gag

LÖGREGLUFRETTIR LANDI Í ELLIÐAÁRDAL Þrír stórir plastpokar með 39 lítrum af landa fundist í Elliðaárdal um miðjan nýársdag. Tilkynning barst lögreglunni í Reykjavík um landann, sem var í eins lítra flöskum. Lögreglan rannsakar málið.

Óðum að seljast upp á Vínartónleikana! Ef að líkum lætur verða miðar á hina sívinsælu Vínartónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands ófánlegir innan skamms. Enda ekki von, Vínartónleikarnir eru ávallt hátíðlegir og skemmtilegir og í ár eru gestir Sinfóníunnar ekki af verri endanum: Ingvaldur Ýr Jónsdóttir, mezzosópran-söngkonan fjölhæfa og þýski Strauss-sérfræðingurinn og hljómsveitarstjórinn Michael Dittrich. HÁSKÓLABÍÓ, MIÐVIKUDAGINN 5. JANÚAR KL. 19.30 - ÖRFÁ SÆTI LAUS FIMMTUDAGINN 6. JANÚAR KL. 19.30 - ÖRFÁ SÆTI LAUS FÖSTUDAGINN 7. JANÚAR KL. 19.30 - ÖRFÁ SÆTI LAUS LAUGARDAGINN 8. JANÚAR KL. 17.00 - UPPSELT Græn tónleikaröð #3 Hjómsveitarstjóri ::: Michael Dittrich Einsöngvari ::: Ingvaldur Ýr Jónsdóttir SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS Háskólabíó við Hagatorg | Sími 545 2500 | sinfonia@sinfonia.is | www.sinfonia.is

Veðrið HVASSAST MEÐ STRÖNDUM SUNNAN TIL Mjög djúp lægð verður yfir vestanverðu landinu í dag en lega hennar er með þeim hætti að það verður fyrst og fremst hvasst með ströndum sunnan til en mun hægari vindur annars staðar. Hún mjákar sér svo austur yfir land og dregur á eftir sér hvasa norðanált inn á vestanvert landið á morgun. Lægðinni fylgir eljagangur í dag víða um land síst þó á Norður- og Austurlandi. Það lægir víðast hvar á landinu á fimmtudag. Í dag Á morgun Fimmtudagur Sveði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



# Útsala

**15-70% AFSLÁTTUR**



Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / 528 8000 / [www.smaralind.is](http://www.smaralind.is)



1 Hvað slósuðust margir við flugeldafíkt um áramótin?

2 Hvað dvöldu margar konur í Komukoti yfir jólahátíðina þegar mest var?

3 Hvað kostar að hringja í 118?

Svörin eru á bls. 30

Taíland:

## Eins er enn saknað

**FLÓDBYLGJAN** Eins Íslendingur er ennþá saknað í Taílandi og verður haldið áfram að reyna að ná sambandi við hann. Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri á almenningsskrifstofu utanríkisráðuneytisins, segir sterkar vísbendingu um að Íslendingurinn sé á Pattaya- eða Bangkok-svæðinu.

Fjölskyldurnar tvær sem saknað var höfðu samband við ættingja sína með tölvupósti í nótt og amaði ekkert að þeim. Báðar höfðu þær verið utan alfaraleiðar, fimm manna fjölskyldan á Balí og þriggja manna fjölskyldan í heimsokn hjá ættingjum í afskekktu þorpi í Taílandi. Utanríkisráðu-

neytinu bárust síðan upplýsingar um það seinni partinn í gær að einstaklingur sem ekki hafði frést af væri heill á húfi. Hann hringdi heim til sín.

Margir Íslendinganna, sem hafa verið á hamfarasvæðunum, eru þegar komnir heim en átta manna hópurinn sem er á ferðalagi í Taílandi heldur upprunalegri áætlun og kemur heim um miðjan janúar.

PÉTUR ÁSGEIRSSON

Tveggja Íslendinga er enn saknað í Taílandi og verður haldið áfram að reyna að ná sambandi við þá.



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

Heilbrigðisstofnun:

## Hætt við gjaldtöku

**ÍSAFIÖRÐUR** Heilbrigðisstofnun Ísa-fjarðar hefur fallið frá áformum um innheimtu gjalds fyrir þvott á einkafatnaði vistmanna öldrunarlækningardeilar, að því er segir á heimasíðu stofnunarinnar.

Jón Fanndal Þórðarson, formaður Félags eldri borgara á Ísafirði, sem gagnrýndi gjaldtökuna harðlega, segist fagna ákvörðun stjórnenda stofnunarinnar. Til stóð að taka 5.500 króna gjald af vistmönnum frá og með 1. janúar. Þótt stofnunin telji sér ekki skylt að kosta þvott á persónulegum flíkum vistmanna ætla hún ekki að innheimta gjald sem sakir standa. - th

# Lifandi eftir vikutíma á pálmatré úti á sjó

Fregnir berast enn af björgun eftirlifenda sem ganga krafaverki næst. Colin Powell, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir aðstoð ganga vel. Bandaríkin veita minna fé en Japan til aðstoðar á hamfarasvæðinu.

**HAMFARIR** Enn finnst fólk á lífi eftir hamfarirnar á annan dag jóla við Indlandshaf. Engu að síður hækkar tala látinna sífellt og benda líkur til að allt að hundrað og fimmtíu þúsund manns verði talin af.

Fregnir bárust þó af björgun eftirlifenda sem ganga kraftaverki næst. Fjórir Indónesar fundust á lífi eftir að hafa verið á reki á opnum bát í meira en viku nærri hinum afskekktu eyjum Andaman og Nicobar á Indlandshafi. Þá bjargaði túnfiskveiðiskip frá Malasíu konu úti á rúmsjó. Hún hafði náð að halda sér á floti á pálmatré sem rak undan veðri og vindum. Þá komu bandarískir hermenn sextíu manns til bjargar sem lifað höfðu af hamfarirnar á afskekktum hluta Súmöttru. Pólkið var matarlaust í algjörru einangrun og mjög af því dregið þegar bandarískar þýrlur björguðu því. Flytja þurfti marga á brott á börum enda margir beinbrottnir eða með lungnabólgu. „Við reynum að halda fólkinu á lífi,“ sagði William Griggs úr ástraliska flughernum á færanlegu sjúkrahúsi þar sem hlúð er að fólkinu.

Indónesíustjórn telur nú að hundrað þúsund manns hafi farist í landinu í hamförunum og nálgast heildartala látinna á svæðinu hundrað og fimmtíu þúsund.

Colin Powell, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Jeb Bush, ríkisstjóri Flórída og bróðir Bandaríkjaforseta, eru komnir á hamfarasvæðið en þeir munu sitja ráðstefnu í Jakarta, höfuðborg Indónesíu, sem hefst á morg-



ÞÖGULL VITNISBURÐUR

Dúkkar marar í hálfu kafi nærri Kalkudah á Sri Lanka og minnir á harmlaikinn á annan í jólum.

un. Fyrir ráðstefnunni liggur tilgá Indónesíuforseta um viðvörðunarkerfi til að hægt verði að verjast áföllum af völdum jarðskjálfta og flóðbylgja.

Bandaríski utanríkisráðherrann sagði fréttamönnum að vel gengi að koma neyðaraðstoð til skila: „Ég býst ekki við að Banda-

ríkjastjórn greiði hærri fjárhæðir í neyðaraðstoð“. Bandaríkjamenn hafa verið gagnrýndir fyrir að bregðast seint og illa við. Alls hefur verið lokað 120 milljarða aðstoð. Þar af greiða Japanir fjórðung, talsvert meira en Bandaríkjamenn, auðugasta þjóð heims.

a.snaevarr@frettabladid.is

Utánríkisráðuneytið:

## Þrjár leiðir notaðar

**TAÍLAND** Starfsmenn utanríkisráðuneytisins hafa einkum notað þrjár leiðir til að finna og staðsetja Íslendingana 130, sem saknað hefur verið á hamfarasvæðunum í Taílandi.

Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu, segir að í nokkrum tilvikum hafi Íslendingarnir farið inn á íslensku vefmiðlana, séð að þeirra hafi verið leitað og sent ráðuneytinu tölvupóst. Í öðrum tilvikum hafi ræðismenn Íslands í Taílandi verið í sambandi við menn sem „þekkja marga“ í Taílandi og þannig hafi tekist að finna Íslendinga. Í þriðja lagi hafi fólk á endanum verið í sambandi við fjölskyldur sínar og látið vita af sér.

Spurður um það hvort aðrar leiðir hafi verið notaðar, t.d. kortanotkun, segir Pétur að ýmsum ráðum hafi verið beitt en vill



HJÁLPARSTARF Í TAÍLANDI

Utánríkisráðuneytið hefur fylgt þeirri stefnu að tala varlega þegar fjallað hefur verið um þá Íslendinga sem hefur verið saknað á hamfarasvæðum.

ekki segja neitt meira um það. Ráðuneytið hafi fylgt þeirri stefnu að gefa allar upplýsingar en tala varlega. Þegar 30 Íslendinga hafi verið saknað hafi um tíma verið ástæða til að hafa áhyggjur en það hafi reynst ástæðulaust.

- ghs

Sjómenn semja:

## Skýrist á morgun

**KJARAMÁL** Atkvæði sjómanna um kjarasamning þeirra við útgerðarmenn verða talin á miðvikudag. Forystumenn hópanna undirrituðu samninginn 30. október.

Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands, segir atkvæðunum safnað í hús. Væntanlega verði ekki talið fyrir en á miðvikudag. Hann vildi ekki tjá hug sjómanna til samningsins: „Nú biðum við eftir niðurstöðunni og ekki er hægt að segja meira um það.“

Aðildafélög að Sjómannasambandinu eru 26. Kosid var í hverju þeirra.

- gag



LEIÐAÐ AÐ LÍKUM

Phatong-ströndin í Taílandi leit illa út eftir flóðbylgjuna sem reið þar yfir á annan dag jóla. Tugþúsundir manna létust.

Íslendingarnir í Taílandi:

## Höldum áætlun

**FLÓDBYLGJAN** Átta manna hópurinn sem var á Phatong-ströndinni í Taílandi þegar flóðbylgjan reið yfir á annan dag jóla hefur haldið ferðalagi sínu áfram. Hópurinn er nú kominn inn í landið og ætla að dveljast þar í nokkra daga og eyða tímanum í skoðunarferðir.

„Okkur líður svo miklu betur hér. Hér erum við ekki nálægt neinni strönd og það er mikill léttir. Við ætlum að halda áætlun og koma heim 15. janúar,“ segir Margrét Þorvaldsdóttir, sem er í hópunum.

- ghs

## KARÍBAHAF

**METÁR Í MORÐUM** Yfirmaður lögreglunnar í Kingston, höfuðborg Jamaíku, hefur sagt starfi sínu lausu í ljósi þess að aldrei hafa fleiri morð verið framín í landinu en í fyrra. Íbúar Jamaíku eru 2,6 milljónir talsins en fyrra voru 1.145 manns myrtir.



GÍSLI VÍKINGSSON

Segir hrefnunum hafa verið fylgt að vetrarslóðunum í mislangan tíma. Einni í tvo daga, annarrí í viku, þriðju í þrjár vikur og þeirri fjórðu í þrjá mánuði.

Vetrardvöl skíðishvala:

## Ekki spurst til hrefnanna

**RANNSÓKNIR** Ekki hefur spurst til hrefnanna, sem Hafrannsóknastofnunin merkti, frá því í byrjun desember. Merkjunum var skotið í sjó hrefnur í lok ágúst til að kanna hvar þær héldu sig yfir vetrartímamann. Merki frá fjórum þeirra fundust í gegnum gervihnött.

Gísli Víkingsson hvalasérfræðingur segir ekki búist við frekari merkjum frá hrefnunum. Tveimur þeirra hafi verið fylgt úr landhelginni. Önnur hafi mælst við Flæmingjagrunn og hin við Grænhöfðaeyjar. Frekari rannsókn þurfi til að fá niðurstöðu. Stefnir sé að því að merkja önnur dýr í haust.

- gag

## LEIÐRÉTTING

Impregilo keypti auglýsingu um lausar stöður hjá Impregilo í Morgunblaðinu fyrir jól, ekki í kjölfar neikvæðrar umsagnar frá ASÍ um atvinnuleyfi til kinnverskra starfsmanna Impregilo eins og kom fram í Fréttablaðinu fyrir áramót. Þetta leiðréttest hér með.

- ghs

**NIZSA CENA WEDLIN !  
40 % OBNIZKI  
WSZYSTKICH WEDLIN.  
LÆGRA VERÐ Á PYLSUM !  
40 % AFSLÁTTUR  
Á ÖLLUM PYLSUM.**

Opið virka daga frá 12.00 til 19.00,  
laugardaga frá 12.00 til 18.00  
og sunnudaga frá 12.00 til 16.00.

**STOKROTKA**  
**Pólsk matvöruverslun**

Hvaleyrarbraut 35, Hafnarfirði • sími 517 1585



# Öflugt nýtt ár!

# 2005

Hlutverk Jarðborana er að skapa viðskiptavinum sínum og hluthöfum verðmæti og auka þannig hagsæld í samfélaginu. Samstæðan annast framkvæmdir á alþjóðlegum vettvangi og felst starfsemin einkum í nýtingu auðlinda í jörð, vinnslu jarðefna, landgerð og gerð mannvirkja.

Árangursríkt ár er að baki og við hefjum nýtt starfsár af krafti. Í borframkvæmdum ber hæst umfangsmikil verkefni vegna byggingar jarðvarmavirkjana, sem m.a. munu framleiða raforku fyrir stækkun Norðuráls, og eru til marks um nýjar áherslur í hagnýtingu vistvænna orkugjafa. Þá hefur tilkoma hins geysiðfluga bors, Geysis, þegar gert fyrirtækinu kleift að taka ný og stærri skref í útrás erlendis. Af verkefnum Björgunar og Einingaverksmiðjunnar er sérstaklega vert að nefna áframhaldandi frumkvæði á sviði bryggjuhverfa, þar sem m.a. er leitast við að skapa skemmtilegt samspil íbúðabyggðar, smábátahafnar, verslunar og þjónustufyrirtækja.

Við lítum á öra framþróun sem kjörumhverfi og stefnum óhikað til móts við krefjandi og fjölbætt verkefni framtíðarinnar. Áfangastaðurinn er alltaf í sjónmáli: Árangur í þágu viðskiptavina, hluthafa og starfsmanna.

**Við þökkum gott samstarf á liðnu ári og óskum landsmönnum öllum gjöfuls nýs árs.**

Athygli er vakin á nýjum vef félagsins: [www.jarðboranir.is](http://www.jarðboranir.is)



**JARÐBORANIR**  
*Við opnum þér auðlindir*



AP MYND/RICK RYCKROFT

**ÁSTRÖLSK KRAFTAKERLING**  
Kraftakerlingin Mellissa Fyfe í Circus Oz heldur hér á félögum sínum Antonella Casella, Michael Ling og Sosina Wogayehu á forsyningu í Sydney í Ástralíu vegna sirkusins sem er á ferðinni um þessar mundir. Sirkusinn, sem er frægur fyrir fánleikaskop og lífshættuleg atriði, verður með synging fram í byrjun febrúar.

Tollakvótar Evrópusambandsins á kínverskar vefnaðarvörur felldir niður:

## Gæti aukið erfiðleika evrópsks fataiðnaðar

**VERSLUN** Um áramótin féllu niður tollakvótar á vefnað sem framleiddur er í Kína og fluttur til Evrópusambandslandanna. Samtök verslunar og þjónustu telja þetta geta haft hvort tveggja góðar og slæmar afleiðingar í för með sér.

Annars vegar leiða samtökin líkum að því að niðurfelling tollakvóta auki innflutning á fatnaði frá Kína til Evrópu og auki þannig erfiðleika fataiðnaðarins í Evrópu. Vegna þessa er hugsanlegt að

Evrópusambandið setji nýja kvóta til að verja evrópska fataframleiðslu. Það gæti hins vegar reynst erfiðt vegna nýlegrar aðildar Kína að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Eins og staðan er í dag eru um átján prósent af fatnaði sem selður er í Evrópusambandslöndunum framleidd í Kína.

Hins vegar telja Samtök verslunar og þjónustu að niðurfellingin hafi góð áhrif á íslenska verslun. Aukinn innflutningur frá Kína



**VEFNAÐARVÖRUR Í KÍNA**  
Um átján prósent af fatnaði sem selður er í Evrópusambandslöndunum eru framleidd í Kína.

þýði lægra verð. Þá geti íslenskir innflytjendur notið góðs af nýjum tækifærum í Kína eftir að landið gerðist aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

## Börn samkynhneigðra: Vísad úr kirkjuskóla

**KALIFORNIA, AP** Foreldrar og sóknarbörn í kaþólska söfnuðinum í Orange-sýslu í Kaliforníu hafa sakað kirkjuvirvöld um að brjóta gegn kenningum trúarinnar með því að leyfa samkynhneigðu pari að skrá börn sín í kirkjuskóla.

Hópurinn hefur krafist þess að skólinn taki framvegis einungis við börnum fjölskyldna sem „kaþólskar kenningar viðurkenni“. Forsvarsmenn skólans hafa hafnað kröfunni og segja bakgrunn barna ekki geta komið í veg fyrir að þau séu tekin inn í skólann.



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**  
Sagði við Fréttablaðið fyrir skömmu að helsta markmið sveitarstjórnarmanna í tekjustofnanefnd væri að sveitarfélögin yrðu ekki rekin með þriggja og hálf milljarða tapi eins og var árið 2003.

## Tekjustofnanefnd: Halldór slær á væntingar

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Mikíð má breytast ætli tekjustofnanefnd ríkis og sveitarfélaga að ná niðurstöðu um tekjustofna fyrir lok þessa mánaðar eins og stefnt er að, að sögn Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, á vefnum Haddi.is.

Meðal annars hefur verið rætt að undanþágum ríkisins til greiðslu fasteignagjalda af eignum verði aflétt. Einnig að sveitarfélögin fái hlutdeild í veltusköttum svo sem tryggingargjaldi, bensíngjaldi og hugsanlega virðisaukaskatti, sem þau hafa hingað til ekki haft tekjur af.

# Þróunarríki örvænta vegna loftslagsbreytinga

Evrópusambandið, fátæk þróunarríki og eyríki vilja að viðræður hefjist um frekari minnkun útblásturs gróðurhúsalofttegunda. Bandaríkjastjórn dregur hins vegar fæturna. Nokkur þúsund íbúum eyjunnar Túvalú hefur verið boðið landvistarleyfi á Nýja-Sjálandi vegna hækkunar sjávarborðs.

**UMHVERFISMÁL** Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Búenos Afres lauk með mála- miðlunum um hvernig bregðast eigi við hlýnun á jörðinni. Einungis náðist samkomulag um hvernig viðræðum Evrópusambandsins og Bandaríkjana verði háttað á næstunni. Fallist var á nokkurra daga málþing á næsta ári þar sem rætt verður um vandann og möguleg viðbrögð.



**ÁRNI FINNSSON**  
Formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands segir að örvæntingar hafi gætt hjá fulltrúum eyríka og fátækra þróunarríkja á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Búenos Afres.

Stjórn Bandaríkjana sagði sig frá samkomulaginu árið 2001 og hefur fram til þessa neitað að taka þátt í viðræðum um hvað taki við að því loknu.

Í Kyoto-samkomulaginu er gert ráð fyrir að þjóðir sem undirrituðu samkomulagið dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda um 5,2 prósent frá því sem hún var árið 1990. ESB hefur reynt að fá Bandaríkin og fjölmenn lönd eins og Kína og Indland til að undirbúa samkomulag um enn frekari takmarkanir við losun gróðurhúsalofttegunda eftir árið 2012. Suður-Afríka og fleiri þróunarríki tóku undir afstöðu Evrópumanna. Eyríki sem stafar ógn af hækkun yfirborðs sjávar hvöttu til þess að hert yrði á baráttunni gegn hlýnun jarðar.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, sat fundinn í Búenos Afres. Hann segir að fulltrúar Bandaríkjana hafi einsett sér að eyðileggja fundinn en tekist hafi að bjarga því fyrir

horn. Kyoto-samkomulagið lifir og byrjað verði á samningaviðræðum á næsta ári um hvernig taka eigi á málum eftir 2012.

Hann segir Bandaríkjastjórn og George Bush forseta leggjast gegn aðgerðum en Evrópa, Japan og Kanada reyni að halda sínu striki, en þessar þjóðir hafi komið að gera eitthvað til að forða loftslagsbreytingum. Hins vegar hafi örvæntingar gætt hjá fulltrúum eyríka og fátækra þróunarríkja á ráðstefnunni í Búenos Afres. Bæði vegna þess að þau verði mest fyrir barðinu á loftslagsbreytingum og breyttu veðurfari, auk þess sem þau hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að taka á afleiðingunum. Hann segir Hollendinga gera ráð fyrir því að verja fimmtán milljónum evra í eflingu sjóvarnargarða vegna hækkunar sjávar. Slíka fjármuni hafi fátækari ríki hins vegar ekki og eigi þannig erfiðara um vik að verjast flóðum.



**STORMASAMT Í REYKJAVÍK**  
Hækkun yfirborðs sjávar vegna hlýrra loftslags veldur flóðum í eyríkjum í þróunarreimnum. Iðnríki hafa hins vegar tök á því að styrkja varnargarða.

„Úrræðaleysi einkenndi málflutning fulltrúa margra þjóða,“ segir Árni. „Þarna var maður frá Banglades sem spurði hvert 120 milljónir íbúa landsins ættu að flylja þegar það verður óbýlt vegna flóða.“ Nýsjálandingar hafa þegar boðist til að taka á móti íbúum eyjunnar Túvalú vegna hækkun yfirborðs sjávar, en þeir eru aðeins nokkur þúsund talsins.

ghg@frettabladid.is

# FÆR EKKI AÐ TAKA EIGINKONUNA MEÐ AF HAMFARASVÆÐINU



*Það flæddi alla leið að útidyrnum*

**DV** — hefur þú séð DV í dag?



**ICELAND EXPRESS**  
88 prósent fleiri ferðust með Iceland Express á síðasta ári en árið 2003.

## Iceland Express: Farþegafjöldi nær tvöfaldast

**FLUGFÉLÖG** Farþegum Iceland Express fjölgaði um 88 prósent milli ára 2003 og 2004. Meginskýring fjölgunarinnar er aukning sætaframboðs um helming með tilkomu nýrrar þotu félagsins í byrjun apríl. Ferðum var síðan fækkað aftur til fyrra horfs þann 1. desember.

Iceland Express mun þó í sumar bjóða upp á tvær ferðir á dag til London og Kaupmannahafnar og tekur breytingin gildi þann fyrsta maí að sögn Ólafs Haukssonar, talsmanns félagsins. Einnig er verið að kanna möguleika á að bjóða upp á að minnsta kosti einn áfangastað á meginlandi Evrópu en ákvörðunar þess efnis sé að vænta á næstu dögum.

Ólafur neitar því að félagið eigi við fjárhagslega erfiðleika að etja. „Nýir fjárfestar komu inn í félagið í október síðastliðnum og það tryggði fjárhagslegan grunn okkar verulega,“ segir Ólafur.

Fargjöld félagsins hafa hækkad nokkuð á síðustu mánuðum sem má rekja til hækkandi olíuverðs að sögn Ólafs. Hann neitar því að færri sæti verði framvegis boðin á lægsta verði. Hlutfall ódýrustu fargjalda sé mjög mismunandi milli ferða en til viðmiðunar sé gert ráð fyrir að um þriðjungur sæta sé boðin á lægstu fargjöldum.

## HAMFARIR Í ASÍU

**SOS-BARNAPORPIN SLUPPU**  
Styrktarforældrar SOS-barnaporpanna við Indlandshaf hafa verið órólegir vegna hamfaranna. Samkvæmt upplýsingum varð ekkert borpanna fyrir skaða af völdum flóðbylgjunnar. SOS-barnaporpin á Íslandi hafa veitt eina milljón króna úr neyðarsjóði sínum. Þau óska fjárhagsaðstoðar til að efla hjálparstarfið.



Lítill stúlka á öruggum stað í barnaporpinu SOS í Piliyandala á Srí Lanka.

**HRINGT FRÍTT Í ÁSTVINI** Gjaldfrjálst er að hringja úr heimasíma til Indlands, Taílands, Indónesíu og Srí Lanka til 2. janúar fyrir viðskiptavinum Símans. Viðskiptavinir á hamfarasvæðunum greiða ekkert fyrir að mót-taka símtöl. Starfsmenn Símans safna fé og ætla fyrirtækið að tvöfalda söfnunarpennu sína. Auk þess greiðir fyrirtækið fimmtán prósent af upphæðinni sem safnast í símasöfnun Rauða krossins til samtakanna.

**TRYGGT ÞRÁTT FYRIR SKILMÁLA** VÍS hefur ákveðið að ferðatryggingar félagsins bæti sjúkra- og læknskostnað viðskiptavina sem hljótist af flóðbylgjunni í Asíu. Það er gert þrátt fyrir að í skilmálum standi að þær taki ekki til tjóna af völdum náttúruhamfara.



# Útsalan er hafin!



**10% - 70% afsláttur**



HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | [www.ondvegi.is](http://www.ondvegi.is) | [ondvegi@ondvegi.is](mailto:ondvegi@ondvegi.is)



#### PRINSESSA TRÚLOFAR SIG

Sayako prinsessa í Japan, sem er 35 ára gömul, tilkynnti á blaðamannafundi trúlofun sína og Yoshiki Kuroda, 39 ára borgarstarfsmannur af almúgættum, sem er í forgrunni á myndinni hér að ofan. Blaðamannafundurinn fór fram í húsnæði keisarafjölskyldunnar í Tókýó og batt enda á áralangar umræður um mögulega vonbiðla prinsessunnar.

## Upplýsingum ekki safnað á einn stað sé fólk án heimilislæknis: Allt að fjögur þúsund manns án læknis

**HEILBRIGÐISMÁL** Á milli þrjú til fjögur þúsund manns eru án heimilislæknis í Reykjavík, Kópavogi og á Seltjarnarnesi. Guðmundur Einarsson, forstjóri Heilsugæslunnar í Reykjavík, segir að hjá heimilislækni eigi að vera upplýsingar um nánast öll samskipti sjúklinga við heilbrigðiskerfið. Sé fólk án heimilislæknis sé ekki svo.

Guðmundur segir tíu af þrettán heilsugæslustöðvum á svæðinu geta tekið við beiðnum fólks um lækni. Það eigi þó að geta sótt læknisþjónustu á heilsugæslu síns hverfis þrátt fyrir að vera án heimilislæknis. Ný heilsugæslustöð í Salarhverfi í Kópavogi taki við skráningum víðar að en úr hverfinu:

„Hún réði kannski ekki við ef allir þessir þrjú til fjögur þúsund kæmu í einu þangað en þeir sem beinlínis þurfa á þjónustu að halda eiga að geta fengið skráningu.“

Ný heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi í Reykjavík og stækkuð heilsugæslustöðvarinnar í Árbæ, þangað sem íbúum Grafarholts sé beint, leysi mesta vandann.

- gag

**HEILSUGÆSLAN Í SALARHVERFI** Getur bætt við sig fólk á lista heimilislækna. Forstjóri Heilsugæslunnar í Reykjavík segir brýnt að fólk hafi aðgang að þeim. Margt fólk sé til dæmis tvíþókað sem hindri að aðrir komist að.



## Spánn: Nýburi út um glugga

**GLÆPIR** Þrítug spænsk kona hefur verið handtekin grunuð um að hafa fleygt nýfæddum syni sínum út um glugga íbúðar á þriðju hæð í fjölbýlishúsi. Móðir konunnar og systir voru einnig handteknar, að sögn lögreglu í bænum Burjassot nærri Valencia. Talsmaður lögreglu segir ástæður verknáðarins ókunnar. Naflastrengur drengsins hafði ekki verið slitinn af þegar drengur var kastað út um gluggann. Hann lenti á þaki bifreiðar og þaðan á gangstétt. Hann var með lífsmarki er lögregla fann hann, en lést á sjúkrahúsi skömmu síðar. ■

Skattlagning félaga:

## Fá félög greiða mest

**SKATTLAGNING** Tiltölulega fá félög greiða bróðurpart opinberra gjalda félaga til Ríkisskattstjóra fyrir árið 2004. Af rúmlega þrjátíu þúsund félögum á skrá voru gjöld lögð á rétt rúmlega tuttugu þúsund þeirra.

Á stöðan fyrir því að mörg félög greiða ekki opinber gjöld er tvíþætt að sögn Indriða H. Þorlákssonar ríkisskattstjóra. „Mörg félöganna hafa lágar tekjur, skila ekki hagnaði og greiða því ekki skatt,“ segir Indriði. „Þar fyrir utan eru sum félöganna ekki virk.“

Indriði bendir einnig á að sum félög skili hagnaði en eigi yfirfæranlegt tap frá fyrri árum. „Ef félag hefur skilað tapi á fyrri árum má færa tapið milli ára,“ segir Indriði og bætir við að slíkt sé nokkuð algengt, sérstaklega í sveiflukenndum rekstri. Þá skili ný félög oft ekki hagnaði fyrstu árin. „Þessi félög safna tapi og greiða ekki skatt fyrir en búið er að jafna út tapið,“ segir Indriði. ■



**INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON** Ríkisskattstjóri segir mörg félög eiga yfirfæranlegt tap frá fyrri árum.

# Meiri sala á gömlu skrifstofuhúsnæði

Sprenging í nýbyggingum á skrifstofuhúsnæði síðastliðin fimm ár. Skriður á markaðnum fyrir eldri eignir sem hafa lengi staðið auð. Allt að helmings verðmunur á fermetranum eftir ástandi og staðsetningu.

**HÚSNÆÐISMÁL** Heilu hverfin eru að byggjast upp í borginni af splunkunýju atvinnuhúsnæði. Samkvæmt tölum frá bygginga- og skrifstofuhúsnæði árið 1999. Það ár voru byggð 47.791 m<sup>2</sup> af slíku húsnæði, en til samanburðar voru í kring um fimm títán þúsund fermetrar byggðir á ári milli 1996 og 1998. Mest var byggt árið 2000, eða 66.198 m<sup>2</sup> en á síðasta ári var þessi tala í 35.527 m<sup>2</sup>.

Ekki er gott að segja til um hvað verður um húsnæðið sem fyrirtækin flytja úr. Samkvæmt Guðmundi Theodóri Jónssyni, fasteignasala hjá Fasteignamarkaðnum ehf. fer eftir staðsetningu eignanna hvað um þær verður. „Til dæmis verið að breyta eldra skrifstofuhúsnæði víða um borgina í íbúðir.“

Ekki hefur farið framhjá mörgum að hingað til hefur



KB BANKI

Er eitt af fyrirtækjunum sem hafa flutt sig, í nýja byggingu við Borgartún.

gengið illa að selja gamalt skrifstofuhúsnæði. Gamla Moggahúsið við Ingólfstorg og DV-húsið í Þverholti hafa til að mynda staðið auð um langt skeið. Fasteignasölum ber saman um að veruleg

#### BYGGINGAFRAMKVÆMDIR, VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI Á HÖFUDBORGARSVÆÐINU

2003	35.527 m <sup>2</sup>
2002	55.361 m <sup>2</sup>
2001	30.820 m <sup>2</sup>
2000	66.198 m <sup>2</sup>
1999	47.791 m <sup>2</sup>
1998	15.981 m <sup>2</sup>
1997	17.487 m <sup>2</sup>
1996	13.533 m <sup>2</sup>



ADALSTRÆTI 6

Gamla Moggahúsið er dæmi um skrifstofubyggingu á besta stað sem erfðlega hefur gengið að selja.

aukning hafi verið í sölu á slíku húsnæði. „Þessar eldri skrifstofubyggingar hafa margar hverjar verið úr sér gengnar sem slíkar og eitthvað hefur verið um að fjárfestar hafi verið að kaupa slíkar eignir á góðum stöðum og gera þær samkeppnishæfar á ný,“ segir Guðmundur.

Eins og gefur að skilja er verðið mjög mismunandi á atvinnuhúsnæði eftir aldri, staðsetningu og ástandi. „Munurinn getur verið allt upp í helmingur. Eldra húsnæði er í sumum tilvikum að seljast á verðbilinu 100 til 125 þúsund á fermetranum á meðan nýtt, vel staðsett skrifstofuhúsnæði er að seljast á allt að helmingi hærri verði.“

- at

## Sævar Karl Bankastræti

ÚTSALAN HEFST  
5. JANÚAR

Sævar Karl Bankastræti 7 Sími: 551 3470  
[www.saevarkarl.is](http://www.saevarkarl.is)

Jöfnunarsjóður:

## Tæpir þrjár milljarðar

**SVEITARSTJÓRNIR** Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna framkvæmda í sveitarfélögum með færri en tvö þúsund íbúa, við grunnskóla, íþróttahús, sundlaugar, leikskóla og vatnsveitur nema 147 milljónum á næsta ári samkvæmt áætlun félagsmálaráðuneytisins.

Af þeim fær Kaldraneshreppur hæst framlög, eða nítján milljónir. Einnig hefur verið samþykkt að úthluta stofnframlögum sem

nema allt að 200 milljónum til sveitarfélaga með fleiri en 2.000 íbúa. Þau eru ætluð til framkvæmda við grunnskóla. Hæst framlag fær Reykjavík, 77 milljónir, og þar á eftir kemur Hafnarfjörður með 64 milljónum.

Þá munu framlög vegna nýbúafraeðslu nema allt að 67 milljónum króna, greiðslur vegna húsaleigubóta um 640 milljónum og jöfnun fasteignaskatts einum milljarði og sjö hundruð þúsund krónum. ■



REYKJAVÍK

Borgin fær 77 milljónir króna úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna framkvæmda við grunnskóla.



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

## Hörmungarnar í Asíu: Grét yfir myndunum í Fréttablaðinu

**HAMFARIRNAR** Sathiya Moorthy Muthuvel, matreiðslumaður á Götugrillinu á Akureyri, er ættaður frá Tamil Nadu á Indlandi en það svæði varð illa úti í hamförumum í kjölfar jarðskjálftanna á Indlandshafi. Fjölskylda Moorthy býr um 70 km frá ströndinni, og sakaði ekki, en engu að síður segist hann hafa orðið fyrir miklu áfalli þegar hann frétti af hamförumum.

Það voru indverskir vinir Moorthys, búsettir í Reykjavík, sem fyrstir báru honum fréttirnar og fylgdust þeir með útsendingu frá CNN-sjónvarpsstöðinni. „Þó

svo að fjölskylda mín hafi sloppið grét ég þegar ég sá myndirnar í Fréttablaðinu frá hamfarasvæðunum. Einkum voru það myndirnar af börnunum sem fengu á mig.“

Moorthy heldur til Indlands síðar í vikunni til að hitta unnustu sína, sem hann hefur enn ekki séð. „Foreldrar mínir hafa valið mér konu og ég er að fara til Indlands til að gifta mig. Ég og nýja konan mín munum svo koma aftur til Íslands í mars og ætlum við að setjast að á Akureyri,“ sagði Moorthy.



**STRÍPALINGUR Í ÁSTRALÍU**  
Áhorfendum á landsleik í krickett í Sydney í Ástralíu virtist skemmt í gær þegar karlmaður berháttaði sig og hljóp um víðan völl með öryggisverði á hælunum.

**KOKKURINN Á GÖTUGRILLINU**  
Moorthy er að fara að gifta sig og á ekki von á að hörmungarnar hafi áhrif á það.

**Prentstaður bóka í Bókatiðindum:**

	Fjöldi titla	Prósenta
Ísland	379	58,2%
Danmörk	76	11,7%
Kína	62	9,5%
Slóvenía	35	5,4%
Ítalía	18	2,8%
Finnland	18	2,8%
Svíþjóð	14	2,2%
Önnur lönd	49	7,5%
<b>Samtals</b>	<b>651</b>	<b>100%</b>

### Prentun á Íslandi: Hlutfall dregst saman

**BÆKUR** Hlutfall bókaprentunar innanlands hefur dregist saman um 3,4 prósent á milli ára að því er fram kemur í könnun Bókasambands Íslands á prentun íslenskra bóka sem birtust í Bókatiðindum Félags íslenskra bókaútgefenda fyrir jólin.

Fram kemur að titlum hefur fjölgað um rúm 20,8 prósent, eru 651 en voru í fyrra 539. Fram kemur að 67 prósent barnabóka eru prentaðar erlendis, 44,1 prósent skáldverka, 23,7 prósent fræðibóka og 32,2 prósent sagnfræðiritra og ævisagna.



**JÓN EINAR MARTEINSSON**  
Fjarðanet hf. mun eiga náið samstarf við Hampiöjuna hér á landi og dótturfélag hennar, ekki síst á Írlandi, í Lítháen og Danmörku.

### Sameining í sjávarútvegi Nýr netagerðarrisi

**SAMEINING** Um áramótin var rekstur Netagerðar Friðriks Vilhjálmssonar í Neskaupstað sameinaður rekstri Netagerðar Vestfjarða. Sameinað fyrirtæki heitir Fjarðanet og veltir um 400 milljónum króna. Starfsmenn verða 40 og starfsemin á sjö stöðum á landinu en höfuðstöðvarnar verða í Neskaupstað. Stærstu hluthafar í Fjarðaneti eru Hampiöjan, Eignarhaldsfélag Austurlands og Jón Einar Marteinson sem jafnframt er framkvæmdastjóri Fjarðanets.

Að sögn Jóns Einars er nýja félagið byggt á mörgum rótgrónum netagerðum á sex stöðum á landinu, Fáskrúðsfirði, Seyðisfirði, Akureyri, Siglufirði, Ísafirði og í Neskaupstað. „Á öllum þessum stöðum munum við reka alhliða veiðarfærþjónustu en auk þess verða með þjónustu við gúmmibáta á tveimur starfsstöðvum, í Neskaupstað og á Ísafirði. Á Reyðarfirði erum við með sérhæfða þvottastöð fyrir fiskeldispoka sem tekin var í gagnið fyrir rúmu ári,“ sagði hann.

# SKIPTI

# BÆKUR

495

Reikningsbók A4/80bls.

495

Almenn jarðfræði

2.990

CITIZEN SRP350

Forritanleg reiknivél

2.990

CITIZEN FEC-1000

Fjármálareiknivél

690

CITIZEN

Vasareiknir SDC-550

Hjá okkur eru næg bílastæði og gott aðgengi

Tilboðin gjalda út janúar eða á meðan birgðir endast.

Verð áður: 4.990

2.990

CITIZEN SRP350  
Forritanleg reiknivél

Verð áður: 4.990

2.990

CITIZEN FEC-1000  
Fjármálareiknivél

Verð áður: 595

495

Stílabók A4/80bls.

Verð áður: 1.190

690

CITIZEN  
Vasareiknir SDC-550

5  
í pakka

SKIPTI  
BOK

Pú færð:  
760

SKIPTI  
BOK

Pú færð:  
2.590

5  
í pakka

616  
aðgerðir

ALLTAF  
ÓDYRARI

# ÚTTS

60%


50%

*pessi eina sanna!*

40%

30%

20%



# INTER

# ALA!

**EKKI MISSA AF  
ÞESSU!**

**FULLT AF VÖRUM  
Á FRÁBÆRUM  
AFSLÆTTI.**

# SPORT®

**Húsgagnahöllin**  
s. 585 7220

**Smáralind**  
s. 585 7240

**Selfossi**  
s. 480 7009

## HVAD ER? KÓLERA

## Mikil hættu á flóðasvæðum

Mikil hættu er talin á sjúkdómsfaröldrum á flóðasvæðum við Indlandshaf. Þeir sjúkdómur sem helst er óttast um smitast með vatni og ná til að mynda útbreiðslu þegar vatnsleiðslur fara í sundur og drykkjarvatn blandast óhreinu vatni. Meðal þeirra sjúkdóma sem smitast með þessum hætti eru malaría og kólera.

## Hvernig breiðist kólera út?

Kólera er bakteríusjúkdómur sem breiðist út með menguðu drykkjarvatni og matvælum. Stóra faraldra má þó nær eingöngu rekja til mengaðra vatnsbirgða. Kólera smitast venjulega ekki með snertingu milli manna. Á þéttbýlum svæðum leggst sjúkdómurinn aðallega á ung börn en einungis lítill hluti þeirra sem smitast sýnir merki um alvarleg veikindi.

## Hver eru einkenni sjúkdómsins?

Niðurgangur fylgir sjúkdómnum og oft kasta sjúklingar einnig upp. Niðurgangurinn getur á skömmum tíma valdið uppþornun og dauða ef sjúkdómurinn er ekki meðhöndlaður sem skyldi. Kólerufaraldrar í vanþróuðum ríkjum geta leitt til dauða allt að helmingi sjúklinga. Vel skipulagðar aðgerðir geta þó minnkað líkur á dauðsföllum niður í innan við eitt prósent.

## Hvernig er hægt að meðhöndla kólera?

Flest kólerutilfelli er hægt að lækna með því að gefa sjúklingum saltlausn sem hjálpar líkamanum að vinna upp vatnstap af völdum sjúkdómsins. Alvarlega veikum sjúklingum verður þó að

gefa vökva í æð. Nokkrar tegundir sýklalyfja geta einnig hjálpað til við að vinna bug á sjúkdómnum. Tetracyclin er algengasta lyfið sem gefið hefur verið en þol kólerusýkla gegn lyfinu hefur þó verið að aukast.

## Hvernig er hægt að koma í veg fyrir faraldur?

Þegar kólera kemur upp þarf að tryggja þrennt: Hreinlæti við losun úrgangs, nægar birgðir af hreinu vatni og mikið hreinlæti í kringum matvæli. Takmörkun ferða og viðskipta milli landshluta hefur engin áhrif á útbreiðslu sjúkdómsins né heldur er hægt að nota sýklalyf á heilu samfélögin til þess að koma í veg fyrir að hann breiðist út.



## SPURT OG SVARAÐ

## JÓLAVERSLUNIN



SIGURÐUR JÓNSSON

## Jókst um tíu prósent

Breytingar urðu í verslun fyrir jólin. Hún jókst að minnsta kosti um tíu prósent, vöruframboð var meira en nokkurn tíma áður og fólk tók lán í stórum stíl. Sigurður Jónsson er framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu.

**Hvað einkenndi verslunina í ár?** Það varð talsverð breyting á jóla-versluninni. Vöruframboð var mun meira og fólk keypti meira af jólavörum en nokkurn tímann áður. Aðrar vörur seldust þrýðilega. Fólk lét eftir sér ýmislegt sem hefur verið á óskalistanum.

## Hefur fólk efni á þessu?

Fólk hefur meiri kaupmátt en áður, almenn bjartsýni ríkir og svo er stóra breytingin sú að fólk hefur aðgang að nánast ótakmörkuðu lánsfé á sanngjörnum kjörum, sem tvímæla laust yfir undir neyslu.

## Ertu að meina íbúðalán bankanna?

Já. Og yfirdráttarlán. Íslenskir neytendur hugsa því miður ekki mikið um fjármagnskostnað. Ef þeir komast í lánsfé þá nýta þeir það nánast á hvaða kjörum sem er. Það er gríðarlega mikið framboð af fjármagni á markaði á mismunandi kjörum og fólk virðist nýta sér það.



VATNAJÓKULL OG ÓRÆFAJÓKULL Í BAKSÝN

Landeigendum finnst hart að þurfa að eyða bæði tíma og peningum í að verjast ítarlegum kröfum ríkisins til lands sem ríkið vill meina að sé þjóðlendur. Lögfræðingur fjármálaráðuneytisins áréttar að í raun breytist lítið þó svo að skorið sé úr um eignarétt, landeigendur missi til dæmis ekki afnotarétt sem hefð sé fyrir.

## Bændur saka ríkið um yfiringang

Fjármálaráðherra kynnti um miðjan desember kröfur ríkisins til þjóðlendna á Norðausturlandi. Landeigendur undrast kröfugerð ríkisins og telja að farið sé offari, meðan fjármálaráðuneytið segist bara uppfylla lögboðnar skyldur.

## Afstaða ríkisins

Ragnheiður Snorradóttir, lögfræðingur á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins,

áréttar að lögboðin skylda fjármálaráðherra sé að gera kröfur. „Menn fara bara eftir þeim sjónarmiðum sem gilda á sviði

eignaréttar og þeim dómum sem fallið hafa á undanförunum árum,“ segir hún og telur að ef síðustu niðurstöður séu skoðað-

ar á svæði 3, í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, komi í ljós að þar hafi að mestu verið fallist á kröfur fjármálaráðherra.

„Auðvitað er þetta kröfugerð og svo koma landeigendur með sína kröfugerð og óbyggðanefnd úrskurðar,“ segir hún og telur gagnrýnina á kröfugerð ríkisins ekki réttmæta. Um leið segir hún ekki óeðlilegt að skoðanir manna um öll þessi atriði séu í einstökum tilvikum skiptar, enda hafi lögum um þjóðlendur verið ætlað að taka á réttaróvissu. „Kröfugerðin er eðlilegur hluti af ferlinu. Svo skoða menn vandlega þinglýst landamerkjabréf, sem stundum eru skýr og stundum óljós.“ Ragnheiður bendir á að landeigendur geri líka mjög ítarlegar kröfur og séu skoðuð fyrir mál þá komi í ljós að síst beri meira í milli hjá óbyggðanefnd og landeigendum, heldur en hjá ríkinu.

Ragnheiður segir vitanlega horft til fallins hæstaréttardóms og hann lagður til grundvallar kröfugerð, ásamt öðrum dómum sem gengið hafa og varði eignarétt á hálendinu, en auðvitað verði einnig að skoða hvert tilvik fyrir sig.

## Afstaða landeigenda

„Þetta er eiginlega hætt að koma manni á óvart,“ sagði Gunnar Sæmundsson, varaformaður Bændasamtaka Íslands, um ítarlegar kröfur ríkisins til þjóðlendna á Norðausturlandi. „Maður hélt kannski að menn myndu eitthvað slaka á eftir

## Nýjar umbúðir sömu góðu snúðarnir

Eldri umbúðir



# Tímaskekkja í tímatalinu

Við fögnum áramótum ýmist á 365 eða 366 daga fresti. Beita þarf reiknikúnstum til að fá sem besta nálgun við svokallað hvarfár en vandasamt er að komast hjá því að ruglast í ríminu.

**TÍMATAL** Við fögnum áramótunum í samræmi við það tímatal sem viðurkennt er í flestum löndum. Við veltum því þó kannski ekki fyrir okkur eftir hverju þetta tímatal fer og hvers vegna áramótum sumra ber upp á öðrum degi, eins og til dæmis Kínverja.

Samkvæmt Vísindavefnum miðum við okkar tímatal við svokallað hvarfár, eða þann tíma sem tekur jörðina að ferðast einn hring í kringum sólina. Þeir vankantar eru þó á þessari viðmiðun að við getum ekki fellt beint inn í árið eins og við þekkjum það.

Hvarfárið er 365,2422 sólarhringar og þess vegna þurfum við að beita ýmiss konar reiknikúnstum til að láta það passa við hreyfingar jarðarinnar.

Árið 45 f.kr. lét Júlíus Sesar gera nýtt tímatal sem nú þekktist sem júlíanska tímatalið. Samkvæmt því var árið 365 dagar, en fjórða hvert ár einum degi lengra og meðalárið 365,25 sólarhringar. Júlíanska tímatalið var tekið upp á Íslandi á elleftu öld.

Þrátt fyrir að þetta tímatal hafi verið nokkuð nákvæmt var enn í því ákveðin skekkja. Á

sextánda öld var hafist handa við að leiðrétta hana og var þá komið á svokölluðu gregoríönsku tímatali sem nú er í gildi í flestum löndum. Hlaupárnum var fækkað þannig að aldamótaár eru ekki hlaupár nema talan fjögur hundruð gangi upp í ártalið. Meðalárið er því núna 365,2425 sólarhringar og leiðir af því að í tímatali okkar er því enn örlítill skekkja, eða sem nemur þremur dögum á hverjar fjórar aldir.

Ekki miða þó öll tímátöl við hvarfárið. Margir þekkjast til

dæmis kínversku áramótin en gamla tímatal Kínverja miðar bæði við hreyfingu jarðar kringum sól og hreyfingu tunglsins í kringum jörðina. Tunglmánuðurinn, eða tíminn milli tveggja fullra tungla, er um 29,53 og í slíkum tímátölum eru því annað hvort 29 eða 30 dagar í mánuði. Til að jafna út við hvarfárið þarf svo mánaðafjöldinn að vera breytilegur milli tólf og þrettán, allt eftir ákveðnum reglum. Þess vegna ber áramót Kínverja ekki upp á sama „tíma“ miðað við okkar tímatal. ■



**FRÁ MIÐBORG PEKING**  
Kínverjar taka hvort tveggja mið af hreyfingum jarðarinnar og tunglsins við útreikning á lengd ársins.



**GUNNAR SÆMUNDSSON,**  
VARAFORMAÐUR BÍ

Gunnar telur að almennt átti landeigendur sig ekki á því hve kröfugerð ríkisins vegna þjóðlendna sé mikil fyrr en á þeim dynur sjálfum.

dóm Hæstaréttar [í október vegna jarðamála í Biskupstungum], en þetta er bara sama yfirgangsstefnan áfram í lögfræðingum fjármálaráðherra.“ Gunnar sagðist ekkert skilja í fjármálaráðherra að skipa ekki mönnum sínum að ganga svolítið hægar fram. „Bændur og landeigendur verða að taka upp þær varnir sem menn hafa verið með og halda þeim áfram,“ segir hann.

Gunnar segir kosta landeigendur bæði mikinn tíma og peninga að verjast kröfum ríkisins. „Í lögum um þjóðlendur var á sínum tíma gert ráð fyrir að menn fengju greiddan kostnað við málsvarnir, en það er alls ekki að fullu,“ segir hann og bætir við að í mönnum sé nokkur reiði út af þessum málum. „Reyndar finnst mér það vera þannig að menn átti sig ekki almennilega á þessu víða um land fyrr en á þeim dynur sjálfum. Sjálfur hef ég haft samband við ýmsa bændur út af þessu og fleiru og held að menn hafi búist við að gengið yrði skemmra í kröfum en gert er á Norðausturlandi nú, en það er bara nákvæmlega gengið jafn hart fram og gert var á Suðurlandi.“

oligr@frettabladid.is



**RAGNHEIÐUR SNORRADOTTIR LÖGFRÆÐINGUR**

Ragnheiður segir að verið sé að ljúka samþæfingu starfi í Noregi og farið hafi verið af stað með hér í að skera úr um hvar mörk þjóðlendna skuli liggja.

# Timberland

# Útsala

# 30%-50%

## TIMBERLAND SHOP

### Kringlunni – Sími: 53 32 290

A. Jacobsens Boktr. AS, 3950 Brevik.

# skaðun

SJÓNARMÍÐ  
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Ákvörðun forsætisráðherra um vinnubrögð við endurskoðun stjórnarskrárinnar er til fyrirmyndar.

## Almenningur móti stjórnarskrána

Ný stjórnarskrá nefnd er um það bil að taka til starfa. Verkefni hennar hefur ekki verið skilgreint nákvæmlega en virðist eiga að vera svo opið að það geti falið í sér heildarendurskoðun á grundvallarþáttum stjórnskipunar lýðveldisins svo sem valdi og valdörum forseta og þings. En hvort sem nefndin fer þá leið að endurskoða stjórnarskrána í heild eða einbeitt sér að afmörkuðum þáttum er ljóst að verkefnið verður í sviðsljósinu næstu mánuði og misseri. Ekki dregur úr athyglinni að helstu forystumenn stjórnsmálagflokka hafa lýst þeim ásetningi að sitja í nefndinni og gefa starfi hennar þannig aukið vægi. Viðvera þeirra og bein afskipti munu leiða til þess að stjórnarskrármálið verður mál mállanna í íslenskum stjórnmálum.

Hinn 8. desember síðastliðinn var á þessum vettvangi í blaðinu

Stjórnsmál á Íslandi hafa of lengi að mestu verið einskorðuð við ýmiss konar dægurpras. Atburðir síðustu mánaða hafa með óvæntum hætti sett grundvallaratriði og megin sjónarmið á dagskrá. Tími var til kominn og vonandi ber þjóðin gæfu til að vinna vel úr þeim tækifærum sem nú skapast.

hvatt til þess að þjóðinni allri yrði gefið tækifæri til þess að hafa áhrif á hina fyrirhuguðu endurskoðun. „Hugsu má sér að stjórnarskrárnefndin opni í þessu skyni vefsíðu þar sem tekið verði á móti tillögum og staðið fyrir umræðum um stjórnarskrármálið. Opinber málþing um einstaka þætti í vinnu stjórnarskrárnefndar eru einnig æskileg. Slík vinnubrögð gera vissulega miklar kröfur um röskleika og markvisst skipulag en tryggja um leið að niðurstaðan, hver sem hún verður, eigi víðtækan hljómgrunn í þjóðfélaginu. Á engan hátt væri verið að taka ábyrgð, frumkvæði og endanlegt vald frá stjórnarskrárnefndinni og Alþingi. Hér er tækifæri til að efla og bæta lýðræði á Íslandi.“

Ánægjulegt var að heyra Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra taka undir þetta viðhorf í áramótaávarpi sínu að kvöldi gamlársdags. Orðrétt sagði ráðherra: „Ég hvet til þess að við fjöllum um þetta stóra og mikilvæga verkefni af gætni og virðingu. Með nútíma samskiptatækni og fjölþreytni í fjölmiðlum er hægt að tryggja að sem flestir landsmenn geti lagt hönd á plóginn auk þess sem haldnir verði fundir og ráðstefnur um einstaka þætti stjórnarskrárinnar. Þetta er sameiginlegt verkefni okkar allra og niðurstaðan á að endurspegla þjóðarvilja.“

Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að þetta fæli meðal annars í sér að stofnuð yrði netsíða á vegum stjórnarskrárnefndar og tölvu- og samskiptatækni virkjuð til að auðvelda fólki að kynna sér starf hennar og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Er vonandi að þetta gangi eftir og sem flestir áhugamenn um stjórnsmál notfæri sér þennan vettvang.

Stjórnsmál á Íslandi hafa of lengi að mestu verið einskorðuð við ýmiss konar dægurpras. Atburðir síðustu mánaða hafa með óvæntum hætti sett grundvallaratriði og megin sjónarmið á dagskrá. Tími var til kominn og vonandi ber þjóðin gæfu til að vinna vel úr þeim tækifærum sem nú skapast. ■

## Enskuskóli Erlu Ara

auglýsir enskunám í Hafnarfirði og Englandi

- áhersla á talmál-10 getustig
- enska fyrir 12-14 ára
- enska fyrir 10. bekk
- enska í Englandi fyrir hópa og einstaklinga allan ársins hring, afbragðs skólar víðurk. af The British Council

Skráning stendur yfir alla daga í síma 8917576 og erlaara@simnet.is

enskafyriralla.is



Sumarið 2005 verður sem fyrr boðið upp á námsferðir til Englands fyrir fullorðna og unglunga

FRÁ DEGI TIL DAGS	
<b>Endurkoma?</b> <p>Þegar nöfn manna sem sæti munu taka í væntanlegri stjórnarskrárnefnd eru skoðuð vekur eitt sérstaka athygli. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ákveðið að einn af þremur fulltrúum flokksins verði embættismaðurinn Þorsteinn Pálsson, sendiherra í Kaupmannahöfn. Fram að þessu hefur það verið lítið hornauga ef sendiherra hafa afskipti af stjórnmálum. Þannig hafa til dæmis ýmsar pólitískar yfirlýsingar sem Jón Baldvin Hannibalsson hefur gefið á undangengnum útleigðarúm sínum í utanríkisþjónustunni ekki mælst vel fyrir meðal stjórnmálaforingja.</p> <p>Skipun Þorsteins í nefndina vekur því upp þá spurningu hvort hann sé á leið heim í stjórnmál á ný. Nema eigendur Morgunblaðsins vilji sjá hann í</p>	<p>ritstjórastól á blaðinu innan tíðar eins og ýmsir trúá? Sem kunnugt er tók eigin kona Þorsteins, Ingibjörg Rafnar, við embætti umboðsmanns barna nú um áramótin þannig að hugur sendiherrans er væntanlega meira bundinn við heimaslóðir en áður. En hvort hann er að ihuga að snúa sjálfur heim er annar handleggur.</p> <p><b>Í miðopnu</b></p> <p>Áramótagein Davíðs Oddssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, fékk heiðursess í miðopnu Morgunblaðsins á gamlársdag. Aftur á móti var ávarpi Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra valinn staður hjá greinum formanna stjórnarandstöðuflokka. Þótt Morgunblaðið vilji hin síðari ár ekki kannast við að vera flokksblað sjálfstæðismanna telur það greinilega nauðsynlegt að gera vel við formanninn á tyllidögum. Honum var</p>
	<p>reyndar einnig boðið að birta áramótagein í Fréttablaðinu eins og formenn annarra flokka gerðu en engin grein barst.</p> <p><b>Finnar á flóðasvæðum</b></p> <p>„Er ekki kominn tími til að fjölmiðlar á Íslandi setji Finnland inn á Norðurlandakortit?“ spyr Björgvin Björgvinnsson í Finnlandi í orðsendingu til Fréttablaðsins. Hann bendir á að íslenskir fjölmiðlar hafi flutt fréttir af Norðmönnum og Svíum á hamfarasvæðunum í Asíu en Finnar hafi af einhverjum ástæðum ekki verið nefndir á nafn. Í þessu sambandi bendir Björgvin á að nú um helgina hafi tæplega tvö hundruð Finnar verið ófundnir á flóðasvæðunum og óttast sé að flestir þeirra hafi látið lífið. Um 3.000 Finnar voru staddir þarna þegar hamfarirnar urðu.</p> <p>gm@frettabladid.is</p>

## Er morgunmatur á borðum?

Í dag streyma grunnskólanevndur aftur í skólana sína að loknu jólafríi. Flestir hafa snúið sólarhringnum við, eru úthvildir en samt þreyttir eftir annasóm jóli. Vonandi eru allir glaðir í byrjun nýs árs, tilbúnir að takast á við seinni helming skólaársins. Koma fullir tilhlökkunar, ákveðnir í að gera enn betur en áður. Þá er komið að foreldrunum, enn og aftur, að standa þétt við bakið á börnum sínum, aðstoða þau eftir megni, leggja þeim lið við heimanám, fylgjast vel með framvindunni, taka þátt í lífi og starfi þeirra.

Vonandi ganga nemendur til náms í dag, fullir af orku og starfsvilja. Til þess að svo megi vera þurfa þeir að hafa hvílt vel í nótt og nærast vel í morgunsárið, áður en þeir takast á við verkefni dagsins. Það er alltof algengt að nemendur segjast lystarlausr á morgnana, langar ekki til að borða neitt, kjósa frekar að kúra í bólinu tíu mínútunum lengur og fara í skólann án þess að fá sér neitt að borða. Þetta þýðir að þegar þeir mæta í fyrsta tímarnum eru þeir ekki enn almennilega vaknaðir, blóðsykurinn er í lágmarki eftir næturhvíldina og þeir hafa ekkert gert til þess að þuka honum upp aftur. Þar að auki er alltof algengt að þeir hafi fengið of lítinn svefn, sofni seint og séu langt frá því að vera útsofnir þegar þeir mæta í skólann. Allt leggst á eitt til að draga úr afköstum morgunsins. Síðan koma frímínútur og þá flykkist þetta unga fólk í næstu sjoppu þar sem það kaupir sér gosdrykk og eitthvað sætt að borða. Blóðsykurinn rýkur upp og nemendur koma æstir og upprifnir í þriðju kennslustund dagsins þannig að óþarfur tími fer í að róa þá niður og koma þeim að verki. Þessa

Í DAG  
UPPELDI  
OG NÆRING

INGA RÓSA  
ÞÓRDARDÓTTIR

Alltof oft koma nemendur í skólann án þess að hafa borðað morgunmat og jafnvel án þess að hafa fengið nægan svefn.

lýsingu þekkjast flestir ef ekki allir grunnskólakennarar.

Það er hlutverk foreldra og forráðamanna að sjá til þess að börn fái næga hvíld á nóttunni og næringu í upphafi hvers dags. Þetta reynist mörgum erfitt, einkum þegar börnin eru komin á unglingsaldur. Þau láta reyna á sjálfstæði sitt til hins ýtrasta, mótmæla foreldrum sínum í flestu sem þau geta og háttatími og næring verður mörgum tilefni til mótmæla. Það vita allir að 8 tíma nætursvefn er lágmark flestra barna og unglunga, margir þurfa allt að 10 tíma nætursvefn. En næring að morgunlagi er ekki síður mikilvæg. Það þurfa ekki allir að borða hafragraut í morgunmat og taka lýsi, þótt það sé vafalaust besti morgunmatur sem völ er á. Ef börnin eiga erfitt með að borða á morgnana, sem er vissulega rétt í mörgum tilfellum, getur einn ávöxtur gert

kraftaverk. Hann dugir til að þuka blóðsykrinum upp á við, eykur afköst í fyrstu kennslustundum og dregur úr þörf fyrir sætindi í fyrstu frímínútum með tilheyrandi afleiðingum; æsingi og óróleika. Epli, banani, nokkur vínber geta gert kraftaverk. Ávaxtasjukkurinn fer beint í blóðið og kemur orkunni í gang og börnin vinna betur og ná betri árangri.

Það reynist hins vegar mörgum þrautín þyngri að fá blessuð börnin til að borða að morgunlagi og afleiðingin verður sú að mataræðið fer meira og minna úr skorðum allan daginn. Nýlega lásum við í blóðum að kennarar Hagaskóla sjá beina fylgni milli árangurs nemenda og þess hvort þeir borða hollan og góðan hádegisverð í skólanum. Þar hefur tekist að laða meiriluta nemenda að mótuneytinu í hádeginu, nokkuð sem kannski heyrir heldur til undantekninga en hitt á unglingsstigi. Það hlýtur að vera samstarfsverkefni heimila og skóla að fá nemendur til þess að borða hádegisverð í mótuneyti skóla frekar en að hlaupa út í sjoppu eftir súkkulaðisnúð eða öðru álíka. Það er hinsvegar fyrst og fremst hlutverk heimila að sjá til þess að börnin fái nægan svefn og góðan morgunverð.

Það var gott að heyra bændi biskup Íslands og forseta lýðveldisins ræða um mikilvægi kærleikans og agans nú um áramótin. Þar að auki hefur forsætisráðherra skipað sérstaka nefnd til að kanna stöðu fjölskyldunnar og heimilanna. Vonandi vinnur sú nefnd hratt og vel en mikilvægast er kannski að ná fram viðhorfsbreytingu hjá þjóðinni, setja börnin og fjölskylduna í fyrsta sæti en eltingaleik við aukin fjárráð í síðustu sætin. ■

ORÐRÉTT		
<b>Sóað tækifæri?</b> <p>Halldór Ásgrímsson flutti sitt fyrsta ávarp sem forsætisráðherra og sýndi fram á af hverju hann var ekki orðinn forsætisráðherra fyrir löngu.</p> <p>DV um áramótaávarp forsætisráðherra.</p> <p>DV 3. janúar</p>	Sæbjörn Valdimarsson um Skaupið. Morgunblaðið 3. janúar.	myndavélunum svolítið í hana, en að öðru leyti er hún alveg röleg.“ Anna Lára Guðmundsdóttir, móðir fyrsta barns ársins.
<b>Já, hvernig skyldi það hafa gerst?</b> <p>„Tilvera barnsins í maganum á konunni minni, litli laumufarþeginn. Hvernig gat þetta gerst?“</p> <p>Valgarður Bragason var spurður að því hvað væri sér eftirminnlegast frá síðasta ári.</p> <p>DV 3. janúar.</p>		<b>Auðvitað eru leiðir</b> <p>„Auðvitað eru leiðir til þess að innheimta þetta. Annars vegar þá ber gjaldandanum að telja gróða úr póker fram, eins og aðrar tekjur. Það gildir um allt sem menn aflu.“</p> <p>Indriði H. Þorláksson, skattstjórinn úrræðagóði, um sjö milljóna gróða Íslendinga í póker á netinu.</p> <p>DV 3. janúar.</p>
<b>Átti það ekki bara að vera myndið?</b> <p>„Áramótaskaupið minnir okkur á að lífið er eitt allsherjarleiksvið og fjallar minna oft en ekki á fjölleikahúsi. Öll fáum við eitthvað að bardúsa, sumir festast í rullunni til lífstíðar, aðrir ekki.“</p>		

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: Frétt ehf. RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG DREIFING: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFVANG: visir.is SETNING OG UMBROT: Frétt ehf. PRENTVINGSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðlum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum á endurgjalds. ISSN 1670-3871





Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.15 13.33	15.51
Akureyri	11.26 13.17	15.09

Heimild: Almanak Háskólans

**FRÉTTABLAÐIÐ**

**Góðan dag!**

Í dag er þriðjudagurinn 4. jan., 4. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**

Ég vil fá eitthvað sem ég get notað í jólagjöf! Byssu eða frosk!



**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar byrja í dag á bls. 4**

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki** 63 stk.

**Keypt & selt** 22 stk.

**Þjónusta** 34 stk.

**Heilsa** 11 stk.

**Skólar & námskeið** 3 stk.

**Heimilið** 12 stk.

**Tómstundir & ferðir** 6 stk.

**Húsnæði** 22 stk.

**Atvinna** 31 stk.


**Tilkynningar** 3 stk.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á [www.visir.is](http://www.visir.is)**



# allt

**heilsa o.fl.**  
Raunsæ heilsuheit  
BLS. 2



**SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Golffið heillaði Jón Gunnar upp úr skónum og nú fer hann að minnsta kosti einu sinni í viku að æfa.

## Golffíkill í fitubollubolta

Jón Gunnar Geirdal, markaðsstjóri afþreyingarsviðs Skífunnar, á tvær uppáhaldsþróttagreinar sem hann stundar eftir bestu getu.

„Ég er mikið í golfi og stunda fótbolta einu sinni í viku. Ég fer allt of lítið í ræktina finnst mér en það er vegna þess að það er mikið að gera hjá mér. Ég er með lítinn grísling heima sem var að verða eins árs þannig að ég er heima hálfan daginn og hálfan daginn í vinnunni,“ segir Jón Gunnar.

„Ég byrjaði í golfi í fyrrasumar með félögum mínum og við erum svo sannarlega komnir með golffíknina. Meira að segja orðnir félagar í Setbergi. Ég fer alltaf einu

sinni í viku í golf á veturna og er í einhverri kennslu og er að reyna að geta eitthvað í þessu sporti. En þetta er rosa góð hreyfing. Endalaust labb,“ segir Jón Gunnar, sem er líka liðtækur í boltanum. „Ég er í fitubollubolta einu sinni í viku með gömlum fótbolta-kempum sem voru að æfa þegar þeir voru yngri. Það er rosa stuð - sviði og hiti.“

En getur Jón Gunnar gert upp á milli þessara tveggja íþróttagreina? „Á sumrin togar golffið meira í mig en boltinn. En boltinn togar svo sem líka í mann þar sem ég fæ meiri útrás í boltanum en golfinu. En golffið er heillandi því ég er kominn á þennan aldur. Við golf-félagarnir erum allir um og yfir þrítugt. Ég hreyfi mig allt of lítið en ég ætla að breyta því á nýbyrjuðu ári. Það er áramótaheitið.“ ■

## Inflúensan komin á kreik

**Búast má við faraldri á næstu vikum.**

Inflúensan er komin hingað til lands og tilfellunum fjölga jafnt og þétt að sögn Haraldar Briem sóttvarnarlæknis. „Það er svona stígandi í þessu. Yfirleitt tekur 6 til 8 vikur fyrir svona inflúensufaraldur að ganga yfir þannig að reikna má með því að það verði talsvert mikið um lasleika nú í janúar. Þó fer engum sögum af því að menn séu fávæikir en auðvitað er inflúensa aldrei skemmtileg.“ Haraldur segir inflúensu bæði af A og B stofni hafa greinst og spurður um mismun á þeim svarar hann. „Það er inflúensa



A sem er alltaf mest að angra okkur, það er hún sem fer um heiminn og er síbreytileg þannig að okkar gömlu mótefni virka ekki nógu vel en alltaf er reynt að hafa bóluefnið sem líkast þeirri veiru sem er í gangi. B veiran er stöðugri og smitast ekki eins hratt. Hún er svona til hliðar við hina.“

## LIGGUR Í LOFTINU

*í heilsu*

**Vísindamenn** hafa komist að því að konur sem eru of þungar eru mun líklegri til að verða barnshafandi vegna þess að getnaðarvarnarpillan bregðist en konur sem eru í kjörþyngd. Fréttastofa BBC greinir frá þessum niðurstöðum en of þungar konur eru sextíu prósentum líklegri til þess að vera þunguðar á þeim tíma sem þær nota pilluna. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar má gera ráð fyrir að af hverjum hundrað konum sem nota pilluna, verði tvær til fjórar barnshafandi vegna þess að þær eru of þungar. Þessar tölur miðast hins vegar við kjöraðstæður við notkun pillunar en í raun bregst pillan í um sex prósentum tilvika.



um starfsbræðrum þeirra sem tóku sér frí í veikindum.

**Eldra fólk** sem hreyfir sig að einhverju leyti dregur úr hættu á að fá hjartasjúkdóma og sykursýki. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem vísindamenn við Johns Hopkins háskólann í Bandaríkjunum gerðu og greint er frá á fréttasíðu BBC. Fylgst var með hundrað einstaklingum yfir 55 ára aldri í sex mánuði. Helmingur var látinn æfa þrisvar til fjórum sinnum í viku en hinn helmingurinn æfði minna. Enginn hafði sýnt merki um sjúkdóma ef undan er skilinn hár blóðþrýstingur. Hreyfingin reyndist bæta heilsuna og minnkaði áhættu á sjúkdómum.



**Unglingar** byrja fyrr að drekka ef foreldrar þeirra halda að þeir muni gera það. Unglingar eru þá líklegri til að endurspeglar þessar neikvæðu væntingar samkvæmt könnun sem gerð var í háskólanum Iowa State. Foreldrar með

jákvæðar væntingar hafa minni áhrif á unglíngana sína. 115 unglíngar voru kannaðir ásamt foreldrum sínum. Foreldrar voru spurðir um hvort þeir héldu að unglíngar sínir myndu drekka og unglíngarnir spurðir um áfengisneyslu. Rannsóknin sýndi að áfengisneysla unglínginga var mest þegar foreldrar héldu að unglíngurinn væri djúpt sokkinn í neyslu.

*heilsa@frettabladid.is*

sófar • skápar • stólar • borð • sófasett • gjafavara

Bycast leðursófi • **20% afsláttur**



2ja sæta áður kr. 98.200.-  
nú kr. 78.600.-

3ja sæta áður kr. 107.400.-  
nú kr. 85.900.-

**Útsala**  
á völdum vörum  
**15-50% afsláttur**

Borðstofustóll áður kr. 11.400.-  
nú kr. 7.980.-

**LÍNAN**

H Ú S G Ö G N  
SUÐURLANDSBRÁUT 22 • SÍMI 553 7100 • [www.linan.is](http://www.linan.is)



**Borðstofustóll**  
**30% afsláttur**

**Rétt líkamsstaða**

Gamalt og gott ráð er að ganga um með bók á höfðinu til að laga líkamsstöðuna og rétta úr sér. Einnig er gott ráð að rétta vel úr sér, setja brjóstkassann fram og axlirnar út til hliðanna. Gott er að hugsa sem svo að þráður standi úr brjóstkassanum sem togað er í. Alltaf ætti að huga vel að líkamsstöðunni því það getur komið í veg fyrir ýmsa kvilla.



**Gleðilegt ár**  
6 vikna áttak helst 5. og 10. jan  
Frábær sertilboð í upphafi árs  
Allar frekari upplýsingar á  
www.trimform.is og í síma  
553-3818  
**Hjá okkur nærðu árangri**

**TRIMFORM**  
BERGLINDAR  
Grensásvegi 50

**Nuddarar og aðrið meðferðaraðilar**  
Nú er rétti tímin til að fjárfesta í nuddþekki frá Custom Craftworks  
Pakðatíðni veð frá 77.968 krOshadhi nudd- og tilnæjarnalíur  
Græna búðin býður nú nýjsgöngu strúmfólki - vélstærðar fyrir ábrenning eru Gjöfahús við Strandgötu í Hafnarbæ og Maður lífandi í BorgartunniGræna búðin ehf. Síðumúla 12, 2 hæð, s-fax 557-8100 - opið 10-13  
Sígurlaug s. 821 6174 - netfang: ccw@ccw.is - vefang: www.ccw.is

**Lithimnulestur**  
Með David Calvillo  
Miðvikudag, fimmtudag og föstudag  
Lithimnulestur er gömul fræðigrein þar sem upplýsingar um heilsufar, mataræði og bætiefni eru lesnar úr lithimnu augans.  
Á miðvikudag, fimmtudag og föstudag mun David Calvillo vera með lithimnulestur í Heilsubúðinni, Góð heilsa gulli betri. Njálsgötu 1, uppl. og tímabantanir í s:586-1463 og 561-5250

**HREYFI LAND**  
Námskeið fyrir barnshafandi konur  
10 vikur 3 x í viku - hefst þann 10. janúar 2005  
nánari upplýsingar og skráning  
www.hreyfiland.is  
Höfðabakka 9 sími:5772555 mottaka@hreyfiland.is

**Lífrænt ræktaðar vörur**  
Yggdrasil  
- þar sem þú getur treyst á gæðin -  
YGGDRASILL, KÁRASTÍG 1, 101 RVK., S: 5624082

**Birkiaska**  
Umboðs- og söluaðili  
Birkiaska ehf.  
sími: 551 9239  
BETUSAN

**YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT**  
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103  
**YOGA YOGA YOGA**  
Líkamsæfingar, öndunaræfingar  
slökun og hugleiðsla  
Sértímar fyrir barnshafandi  
Allir yoga unnendur velkomnir  
Sértímar í kraftyoga  
www.yogaheilsa.is



Björn við nýju innilaugina sem tekin hefur verið í notkun og gestir World Class hafa aðgang að.

**Ný sundlaug og stærri salir í Laugum**

**Heilsuræktin á sér öflugt vígi í Laugum í Laugardal. Enn er það að stækka og ótal möguleikar blasa við.**

Sundlaugarnar eru í eigu Reykjavíkurborgar og nýja innilaugin verður að mestu notuð til æfinga og kennslu en önnur mannvirki eru á vegum World Class sem Björn rekur af miklum myndarskap. „Hér eru níu þúsund manns að æfa að staðaldrí og ég stefni að því að fjölga þeim í 11 þúsund þegar kemur fram í mars,“ segir hann galvaskur. Björn hugsar reyndar mun lengra en fram í mars því hann er með stóra drauma og óskir um uppbyggingu í Laugardalnu til framtíðar. En áður en við förum út í þá sálma göngum við um sali og virðum fyrir okkur þær framkvæmdir sem standa yfir á

vegum World Class og kosta rúmlega 60 milljónir, að sögn Björns. Fyrst komum við að nýjum skrifstofum og tæknilega fullkomnu herbergi fyrir smærri fundi er bætist við þann ráðstefnusal sem fyrir er og Björn segir hafa vakið lukku. „Menn eru hrifnir af því að geta endað fundi úti í laug eða í baðstofu,“ segir hann.

Búið er að opna nýjan og hljóðlátan jógasal og tvo 250 fermetra leikfimisali með fjaðrandi gólfi fyrir pallaleikfimi, dans og hvað sem er. Auk þess er verið að stækka tækjasalinn um 400 fermetra. „Hver hefði trúað því að við mundum sprengja af okkur húsnæðið á einu ári?“ segir Björn brosandí og Lýsir jafnframt fjölgun þrektækja, sem eftir breytingar eru 310 talsins og í spinningsalnum hefur hjóluhljóðlaug úr 25 í 40. „Fólk er hrifið af aðstöðunni hér og aldurshópurinn hefur breikkað hjá okkur. Við höldum hávaða í lágmarki, spilum bara þægilega tónlist og lögum og loft salarins hindrar hljóðendurkast,“ segir Björn.

Við höldum áfram að ganga um hin víðáttumiklu húsakynni Lauga. Komum að veitingastöðum, hárgreiðslustofu, nuddstofum, snyrtistofum og gufuböðum með ótal útfærslum. Óneitanlega er gaman að virða fyrir sér þessa aðstöðu sem ásamt sundlaugunum skapar fjölbreytta möguleika til heilsuræktar og dekurs.

gun@frettabladid.is



Hugmyndir Björns um framtíðarskipulag Lauga. Ný sundlaug með fjórum 50 metra brautum myndar ferhyrning þar sem útilaugin er nú. Fimm hæða hótél er hluti af byggingunum umhverfis hana.

[ Raunsæ heilsuheit ]  
**Galdurinn við að halda áramótaheitin**

Hver hefur ekki sagt við sjálfan sig að hann muni hætta að reykja, drekka eða fara oftari líkamsrækt þegar klukkan slær tólf á miðnætti á gamlárskvöld og gefist svo upp á áramótaheitinu í lok janúar? Galdurinn við að halda heitin er að setja sér raunsæ áramótaheit. Hér eru nokkur áramótaheit sem talist geta raunsæ.

- Ég ætla að setja mér raunsæ megrunarmarkmið. Skyndimegrunarkúrar virka ekki. Stefndu að því að léttast hægt og stöðugt yfir langan tíma. Þannig er líklegra að takmarkið náist og að kílóin birtist ekki aftur á lærunum.
- Ég ætla að borða meira af ferskum ávöxtum og grænmeti. Fimm skammtar á dag hljómar frekar mikið þannig að byrjaðu hægt. Fáðu þér nokkra litla skammta á dag, nokkur vínber hér og ein mandarína þar. Þig munar ekkert um það. Fáðu þér salat með samlokunni í hádeginu og hafðu salat í kvöldmatinu einu sinni í viku. Ávaxtasafi telst líka með þannig að þú getur drukkið tvö til þrjú glös af honum á dag.
- Ég ætla að borða ávöxt áður en ég fæ mér kex. Semdu við sjálfa(n) þig. Ekki hætta að borða sætindi heldur borðuðu alltaf eitthvað hollt áður en þú færð þér óhollt. Ef þig
- langar að fá þér sætindi, fáðu þér þá ávöxt og bíddu í tíu mínútur. Það eru miklar líkur á að þú verðir nokkuð södd/saddur eftir ávöxtinn.
- Ég mun æfa meira. Ekki byrja strax á því að fara fjórum sinnum í ræktina á viku, þá dettur þú bara niður af þreytu. Farðu frekar tvisvar í viku og gefðu þér stórt klapp á bakið ef þú nærð að fara þrisvar í viku.
- Ég mun eignast vini í stigahúsi. Gakktu upp stiga hvenær sem þú getur. Þú brennir vel á stiga-klifri og það styrkir líka rass og læri. Þannig að í hvert skipti sem þú sérð stiga þá geturðu hugsað með sjálfri/um þér „Þrumulæri, hér kem ég!“
- Ég ætla að drekka meira vatn. Ekki stressa þig á því að þurfa að drekka tvo lítra á dag. Byrjaðu smátt. Hafðu alltaf vatnsflösku hjá þér í vinnunni eða skólanum. Hafðu líka eina flösku í töskunni þinni ef það er pláss. Alltaf þegar þig langar í te eða kaffi, fáðu þér þá vatn á undan. Komdu því einnig upp í vana að drekka vatnsglas fyrir svefninn.

**SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ**

**Getur markmiðasetning tífaldað laun okkar?**

Gleðilegt ár kæri lesandi! Síðasta hollráð fjallaði um markmið, hvernig best er að setja þau og fleira í þeim dúr.

**Setja aðeins 3% einstaklinga sér skrifleg markmið?**

Varla er hægt að minnst á markmið án þess að minnst á Brian Tracy, sem verður að teljast aðal „gúrinn“ í markmiðasetningu í dag. Hann segir í bók sinni, „Goals“ frá manni að nafni Mark H. McCormack sem skrifaði bókina „What They Don't Teach You at Harvard Business School“. Brian segir að í þeirri bók tali Mark um niðurstöðu rannsóknar sem framkvæmd var á bilinu 1979-1989, á MBA-útskriftarnemum í Harvard sem voru spurðir hvort þeir hefðu skýr markmið sem þeir gerðu áætlun út frá. Skiptist hópurinn í þrennt:

**MBA-útskriftarnemar (1979)**

Hefur þú sett þér skýr markmið?  
84% Nei  
13% Já, en ekki skrifleg  
3% Já, skrifleg

**Tíu sinnum hærrí tekjur með skriflegum markmiðum?**

Tíu árum síðar var kannað hversu háar tekjur þessir einstaklingar hefðu. Í ljós kom að þeir (84%) sem höfðu ekki sett nein markmið voru með „venjulegar“ tekjur. Þeir (13%) sem settu sér markmið en ekki skrifleg voru með tvöfalt hærrí tekjur en þeir sem settu sér engin markmið. Þegar kannað var hversu háar tekjur þau 3% sem höfðu sett sér skýr markmið og gert áætlanir út frá þeim hefðu komið í ljós að þeir höfðu 10 sinnum hærrí tekjur en hin 97% hópsins!

Gott er að markmiðin sem þú setur þér séu á stað þar sem þú sérð þau helst daglega. En eins og um flest annað er líklega best að láta verkin tala, þ.e. að sýna sem fæstum markmiðin og segja frekar frá þeim eftir á. Nú er bara að setjast niður og byrja.

Þetta og fleiri hollráð eru að finna á heimasíðu Heilsuráðgjafar [www.heilsuradgjof.is](http://www.heilsuradgjof.is)

**Sölvi Fannar Viðarsson**

Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.



**Heilsuvörur og matstofa**

Opið virka daga kl. 10-20  
laugardaga kl. 10-16



**maður lifandi**  
Borgartúni 24

Opið alla daga kl.  
**8-24**  
Lyfja Lág múla og Lyfja Smáratorgi  
**LYFJA**

**JÍ MG** Gm&krqus t α  
l x b & x l { z s gx  
T @ Z Z & H X H T J G T æ S Y Q K O & k l y z & 7 6 4 g t a gx  
& q { x s ' t 4 u m s d u 4 r 4 8 6 @ ; & 8 7 @ ;  
H M G Z s G X s U X M T & N æ J K M & & é J K M &  
æ y z g & x t g x j Y z z o & < 8 & 6 ? > & g y z g g x t F s o y  
} } } 4 r u z { y p u m g y k z { x 4 o y & & & & & & H u x m g x z a t o & 8 6 &

**Fyrir & Eftir** [www.fyrirogeftir.is](http://www.fyrirogeftir.is)  
heilsustúdíó **Nýtt Ár-Ný Markmið!**  
Við hjálpum þér að láta það gerast!  
**Grenning, Vaxtamótun, Afeitrun:**  
3 Mánaða Átak: 39.900  
8 Vikna Átak: 29.900  
Frír prufutími í Eurwowad og sogæðanudd  
Sími: 564 4858  
Smíðjuvegi 1 - Kópavogi  
Opnunartími:  
Mán-Fim: 10-20  
Fös: 10-19  
Lau: 10-14

**GRÆNMETISNÁMSKEIÐ SÓLVEIGAR**  
Við kennum að kaupa inn holt hráefni og elda gómsæta og næringaríka rétti úr grænmeti, baunum og tofu, að ógleymdum sykurlausum eftirréttum.  
Kennari er Sólveig Eiríksdóttir  
Námskeiðið er allt kvöld að lengd, frá kl. 19:00 - 23:00 og eru eftirfarandi námskeiðsdagar í boði:  
12.jan.; 19.jan.; 26.jan.  
Verð kr. 4.900- kr.  
Frekari upplýsingar er einnig að finna á: [www.himneski.is](http://www.himneski.is)  
SKRÁNING Í SÍMA 821 4608  
HIMNESK HOLLUSTA

**SÓMABAKKAR**  
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING\*  
\*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.  
**SÓMI**  
Nánari upplýsingar á [somi.is](http://somi.is)

**Silicol Skin**  
vinnur gegn filapenslum og bólum.  
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.  
Pannig getur þú haldið húð þinni mjúkra og hreinni og komið í veg fyrir bólur.  
Fæst í apótekum.

**FJÖLVÍTAMÍN MED GINSENG**  
**GERIMAX GINSENG**  
Aukin líkamleg orka og andleg vellíðan  
FÆST Í APÓTEKUM, HAGKAUP, NETTÓ, SAMKAUP, SPARKAUP, NÓATÚNI, ÚRVALI OG STRAX

**ShapeWorks™**  
Sérsmíðinn lífsstíll.  
Díana 18 kg Halldóra 20 kg Rósalind 16 kg  
Viltu... minna hungur, meiri fitubrennslu, meiri líkamsmótun... Árangur... ??  
[www.heilsufrettir.is/augljós](http://www.heilsufrettir.is/augljós)

**BORÐAÐU ÞIG GRANNA(N)!**  
Með Íslensku vigtarráðgjöfunum (danski kúrin)  
Við gerum lífið léttara!  
Lærðu að breyta matatæðinu og léttast um leið!  
Vigtun og aðhald x1 á viku. Frábær árangur.  
Byrjum aftur 3. janúar.  
Mánudagur: Reykjanesbæ  
Þriðjudagur: Akureyri  
Þriðjudagur: Borgarnes  
